


Smárit Byggðasafns Skagfirðinga XXIV

*Blikur á lofti
Gamlir veðurboðar
og veðurorð*

Sigríður Sigurðardóttir



2018

Innihald

Veðurboðatrú	4
Almennt um veðurfar í Skagafirði.....	6
Veðurnæmt fólk	7
Veðurglökkir fuglar.....	8
Veðurglökk dýr.....	10
Kynjaverur og veður.....	12
Veðurdraumar	12
Náttúrulegir fyrirboðar.....	13
Sól í kaffinu – heimilistengdir veðurboðar	21
Sól og tungl	22
Veðurdagar og forlög.....	25
Veðurorð.....	35
Ritheimildir	58
Vefrænar heimildir.....	59
Munnlegar heimildir	59



© Byggðasafn Skagfirðinga/Sigríður Sigurðardóttir tók saman.
Efni ritsins má ekki nota án leyfis.
Forsíðumyndin er tekin í góðu veðri en gráblíku, í nóvember
árið 2008. Þá haldi dalalæða umhverfi Reykjarhólsins, sem ber í
Mælifellshnjúkinn á bakvið hann. Myndir í ritinu eru teknar af
starfsmönnum safnsins, sé annars ekki getið.

ISBN 978-9935-9338-6-7

Formáli

Fyrir daga ljósvakamiðla var þekking á veðurfari bundin við þjóðtrú og fyrirboða sem fólk treysti. Rætur þjóðtrúarinnar lágu langt aftur í tímann og tengdust atferli dýra, náttúrunni, draumum, daglátum og tilfinningum. Fyrirboðar voru teikn sem kynslóðirnar höfðu lært hver af annarri að ráðlegt væri að taka mark á. Að geta spáð með nokkru öryggi fyrir veðri var mikilvægt, eins og ummæli Reimars á Löngumýri forðum vitna um. Farandssali kom til hans og bauð honum bækur til kaups þar sem hann stóð úti á túni og kepptist við að slá. Reimar sagðist ekki líta á bækur um hábjargræðistímann, nema hann ætti „veðurspána í skinnbandi“.

Lærdómsríkt er að skoða hvernig fólk reyndi að átta sig á veðurfari og spá fyrir veðrabreytingum. Margir gera það enn að gamni sínu að spá í veðrið. Skagfirðingar hafa ekki verið og voru engir eftirbátar annarra í því. Séra Jónas Jónasson, kenndur við Hrafnagil í Eyjafirði skrifaði margt merkilegt um veðurfar í bók sinni *Íslenskir þjóðbattir*, sem miðast við Skagafjörð. Hann átti heima í Goðdölum í Vesturdal sem unglingur, á 19. öld. Skrif hans um veður eru höfð hér til hliðsjónar. Einnig eru sóttar upplýsingar til Eiríks Valdimarssonar, þjóðfræðings, sem ólst upp í Vallanesi í Vallhólma. Eiríkur, sem var starfsmaður safnsins um tíma, safnaði fróðleik um veðurtengda þjóðtrú í lokaritgerð sinni, *Á veðramótum, íslenskar veðurspár og veðurþekking þjóðarinnar fyrr og nú*, í Þjóðfræði við Háskóla Íslands árið 2010 og hægt er að lesa á www.skemman.is. Margt sem hér er skráð er frá honum. Sömuleiðis gaf Árni Bjarnason, bóndi á Uppsölum í Blönduhlíð, ábendingar um veðurboða í framanverðum Skagafirði og safnaði meirihluta þeirra veðurorða sem hér eru birt. Veðurtengd orð segja sína sögu um fjölbreytileika veðurfarsins og orðgnótt í því samhengi. Ýmsir aðrir hafa komið að samningi þessa smárits og skal vísa til heimildaskrár þar um.

Hér er gerð tilraun til að útskýra hin ýmsu veðrabrigði, veðurboða og veðurorð til að vekja athygli á þeim fjársjóði sem við eigum þar saman. Veðurorð virðast óteljandi og ef lesendur þekkja fleiri eða kunna skil á túlkun eða fyrirboðum veðurs með öðrum hætti hvetjum við viðkomandi endilega til að hafa samband.

Sigríður Sigurðardóttir.



*„Sólmyrkvi“ á heiðskárum himni 20. mars 2015 og Blöndublíðarfjöll í þoku-
böndum. Sólmyrkvi var talinn fyrirbæði mikilla tíðinda í öllum heimsborgum.*

Veðurboðatrú

Veður hefur áhrif á atvinnu, klæðaburð, viðhorf, útlit og hegðun fólks. Við lögum okkur að ríkjandi veðurskilyrðum hverju sinni. Veðrið er ótæmandi umræðuefni og er sannarlega það afl náttúrunnar sem hvað mest áhrif hefur á tilveruna. Áhugi fyrir veðrinu tengdist því hvernig samspili á milli manns og náttúru er háttað. Þannig hefur það löngum verið.

Margt í þjóðtrúnni, til dæmis veðurspár sem tengjast breyttri hegðun dýra, gígtarverkjum og móðu í gluggum, byggir [...] á viðleitninni til að útskýra heiminn eins vísindalega og frekast var unnt. Vísindi almennings voru því hvorki vanþróuð né heimskuleg, heldur byggðu þau ómeðvitað á athugunum sem aftur byggðu á áhrifum frá loftþrýstingi, hitastigi, ólíkum tegundum skýja og vindáttum. Þannig voru húsfréyjur, bændur, sjómenn og allir aðrir sem gáðu til veðurs vel að sér um hegðun náttúrunnar og voru sennilega betur að sér um þau veðurvísindi sem voru opinber fyrir á öldum en margir nútímamenn.¹

¹ Á skemma.is. Eiríkur Valdimarsson, Terry Gunnell, 2010. Bls. 128. Sótt 14.4. 2017.

„Veðurtrú“, ef svo má kalla, má í grófum dráttum flokka niður eftir innsæi, tilfinningum, draumum, hegðun dýra og fugla, skýjafari og fleiri náttúrulegum einkennum. Bændur áttu fyrrum allt undir veðrinu og þekking á veðurfari gat skipt sköpum um líf og dauða. Fólk tók hvorki óþarfa áhættu við búskapinn né brá út af vana nema nauðsyn bæri til. Þegar vetur var skollinn á voru t.d. allir góðviðris-dagar notaðir til að beita búfénu, til að spara heyfenginn. Öruggst var að búast við hinu versta. Góður heyfengur, sem aflað var yfir sumartímamann, veitti öryggi og gaf möguleika til að fjölga skepnum en gálaus ásetningur boðaði ekki gott.²

Fólk mat mikils hæfileika „til að spá fyrir um veður [...] sú hæfni hefur fært sumum forskot við störf sín á sjó og landi“³ og hafði áhrif á tiltrú og álit á viðkomandi. Fólk vissi að veðurfari laut ákveðnum lögmálum og sú tilhneiging að taka mark á staðbundinni þekkingu um einkenni veðrabreytinga og veðurboða hefur haldist fram á okkar daga. Á seinni árum hefur þetta breyst og það fjarar hratt undan þeirri þekkingu sem fyrrum var byggt á, ekki endilega fyrir það að hún var röng heldur vegna þess að það er næstum orðið fyrirhafnarlaust að heyra eða sjá veðurspá fyrir daginn og næstu daga.

Stöðugar tækniframfarir auðvelda veðurmælingar og veðurspár. Sú þróun hefur staðið lengi yfir. Árið 1664 fór séra Páll Björnsson í Selárdal í Arnarfirði að mæla hita dag frá degi og um sama leyti komust menn að því að hægt væri að spá fyrir um komandi veður með því að sjá hvort loftvog risi eða félli. Með loftvoginni var hægt að „mæla“ hvort væri mikill þrýstingur eða lítill og þannig að spá fyrir um veðrabreytingar. Björn Halldórsson í Sauðlauksdal gaf út handbók fyrir ung bændaefti árið 1780. Ritið heitir *Atli* „edur ráðagjörðir yngismanns um búnað sinn helst um jarðar- og kvikfjár-rækt aðferð og ágóða ...“, segir á titilsíðunni. Í ritinu nefndi Björn hvernig sjá mætti fyrir um veður eftir því hvort horft væri til sólar, tungls, stjarna, skýja, regnboga, þoku, snjóa, regns, vatna, vinda og lofts, einnig sagði hann að veðrabrigði mætti finna á sjálfum sér eða horfa til hegðunar fiska, katta, músa, fugla og ákveðinna teikna í

² Broddi Jóhannesson, 1947. Bls. 318.

³ Á skemma.is. Eiríkur Valdimarsson, 2010. Bls. 4. Sótt 14.4. 2017.

náttúrinni eins og tíbráar og kóngulóarvefja.⁴ Björn minntist ekkert á loftvogina en það gerði Jón Hjaltalín landlæknir, sem var öttal talsmaður hennar. Hann ritaði grein um hana í tímaritið *Norðra* árið 1853 þar sem hann setti fram leiðbeiningar.⁵ Loftvog var dýrt tæki og ekki á allra færi að eignast það en menn dóu ekki ráðalausir. Hægt var að útbúa loftvog úr uppblásnum rjúpusarpi, líknarbelg eða kýrblöðru og hengja upp á góðum stað. Ef þau þornuðu og hörðnuðu boðaði það storm en ef þau urð lin var von á hægviðri.⁶

Upp úr miðri 19. öld urðu þáttaskil í vísindalegum rannsóknar- aðferðum á sviði veðurfræða þegar menn uppgötvuðu að veðurkerfi færðust milli staða og að þar með væri hægt að vara við þeim. Í dag eru menn sífellt að uppgötva fleira um veðrið og veðurrannsóknir fá æ meiri athygli.

Veðurstofa Íslands var stofnuð 1. janúar árið 1920 og Íslendingar tóku þá við rannsóknum á veðri hérlendis úr hendi Dana.⁷ Í dag mæla veðurstöðvar út um allt land veður með mikilli nákvæmni og á þeim mælingum byggjast veðurspár okkar, ásamt veðurmælingum í öðrum löndum og í háloftunum.

Þótt tækni til að spá fyrir um veður með mælanlegum hætti hafi komið fram á sjónarsviðið fyrir árhundruðum er enn litíð til ýmissa veðurböða sem gaman er að gefa gaum. Þjóðtrúin fjarar út en hún lifir í tungumálinu á meðan fólk skilur merkingardýpt þess.

Almennt um veðurfar í Skagafirði

Tröllaskaginn, milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar, skiptir veðrum. Austanáttin er oft hvöss í austanverðum Skagafirði, einkum undir Blönduhlíðarfjöllum. Á sama tíma getur hún verið hæg í vestanverðum firðinum. Sunnanáttin er oftast góð þótt hún geti orðið hvöss. Suðvestan- og vestanáttir geta verið byljóttar með Vesturfjöllunum. Vestanáttin er klækjótt um allt héraðið og oft erfitt að átta sig á hvað verður úr henni. Í suðvestanátt kaffærir þoka gjarnan

⁴ Rit Björns Halldórssonar frá Sauðlauksdal, 1983. Bls. 199-210.

⁵ Jón Hjaltalín, 1853. Bls. 30.

⁶ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 131n. Ólína Jónasdóttir, 1981. Bls. 32-33.

⁷ Hilmar Garðarsson, 1999. Bls. 31.

brúnir Blönduhlíðarfjalla. Norðanáttin er úrkomusöm um allt hérað og þegar hafáttin (innlögnin) þýtur um Gönguskörð veldur hún neþjukulda og þræsingi á Sauðárkróki. Norðanátt er yfirleitt kaldari en sunnanátt og getur bæði verið hvöss og úrkomusöm langt inn í dali. Hún sendir stundum þokukóf inn með vesturfjöllumum og hylur Mælifellshnjúk. Norðaustanáttin er væg í innanverðum Skaga-firði. Þá er þar logn þótt versta veður geti verið úti fyrir, á Skaga og í Fljótum. Á vetrum stendur stundum hvítur hríðarveggur fram með Staðarfjöllum og fram um Vatnsskarð í þeirri átt og inn á Norðurárdal kemur vindstroka af Hörgárdalsheiðinni.

Veðurnæmt fólk

Sumt fólk finnur fyrir líkamlegum óþægindum þegar ákveðin veður eru í adsigi. „Frúin fær gigt í fótinn við loftþyngdarbreytingar“⁸, sagði Árni á Uppsölum. Ekki eru allir jafn skynugir á þetta en veðrið getur sannarlega haft áhrif á fólk sem finnur fyrir veðrabreytingum, bæði á sál og líkama. Veðurnæmir hafa með réttu getað spáð fyrir um umhleyþingar.

Algengt [er] að menn finna það á sér, ef einhver veðrabrigði eru í vændum, helzt íhlaup, stormur eða rigning eða stórhriðar. Þá ískrar og ólmast gigtin, einkum í gamla fólkinu, og lætur ekki undan, fyrr en veðrið er skolið á; en ef rigning er í vændum, getur það ekki hrært sig fyrir máttleysi, fyrr en farið er að rigna.⁹

Sumir hittu oftast en aðrir á að spá rétt fyrir veðri. Magnús sálarháski, sem svo var kallaður og var sagður forspár, var eitt sinn staddur í Felli í Sléttuhlíð. Vikum saman hafði gengið á með mikilli ótíð. Magnús var spurður hvenær myndi birta upp. „Á sunnudaginn í miðgóu mun draga upp þykkni á loftið og hlána þá. Mun gott verða úr því“¹⁰ svaraði karl og það gekk eftir. Veðureinkenni geta verið staðbundin eins og á Sauðárkróki þegar „fjandans Skarðagolan“ sendir ískaldan gust yfir allt og alla og „drepur allan gróður“, eins og oft var haft á orði. Eftir að búfénaði fækkaði hefur komið í ljós að fleiri höfðu áhrif á rýrt gróðurfar á Króknum en Skarðagolan, en mýtan um vond áhrif golunnar heldur enn velli.

⁸ ÞMS. Árni Bjarnason, Uppsölum. ÞMS 17163/2009-1.

⁹ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 141.

¹⁰ Stefán Jónsson, Höskuldsstöðum, 1987. Bls. 181.

Veðurglökkir fuglar

Margir bera veðurspá dags og viku saman við vitneskju sem þeir hafa „á bak við eyrað“ og taka mark á hegðun málleysingja sem fólk hefur fyrir augum flesta daga.



Hrafnar voru og eru taldir sérlega veðurnamir. Þessi útskorni hrafn, sem Einar Vigfússon, skurðmeistari frá Arborg, Manitoba, Kanada, skar út og gaf Byggðasafni Skagafirðinga, stendur á sýslumannsskattholinu, í gamla bænum í Glaumbæ og fær of klapp á bakið.

Í þjóðsögum er talað um hrafn sem spáfugl, hræfugl og jafnvel illan fyrirboða. *Hrafnar* Óðins skildu mál manna og guða og fluttu honum tíðindi. Hrafnar voru taldir sendiboðar heiðinna guða. Goðsagnakennd frásögn er í *Landnámu* þar sem segir frá hröfnunum þremur sem Hrafna-Flóki blótaði til heilla áður en hann lagði upp í leit að nýju landi og hvernig þeir fundu Ísland. Flóki tók sér bólfestu í Flókadal í Skagafirði en ekkert er sagt um hvort hrafnar hans réðu því. *Hrafnar* náðu fljótt það stórum sessi í kristnu trúarumhverfi að fólk tók þá í sátt og sagt er frá fólki sem skildi hrafnamál. Sá rammgöldrótti séra Hálfván Narfason (d. 1568) í Felli í Sléttuhlíð var sagður hafa skilið hrafnamál og tók mark á hegðun þeirra. Og það voru fleiri en hann sem hlustuðu eftir krunki hrafnanna. Fólk réði hvað yrði út frá því hvernig *hrafnarnir* höguðu sér á flugi, úr hvaða átt þeir komu, hvort þeir sneru að manni nefi eða stéli og hvernig þeir höguðu sér í nánd við mannabústaði og búpeningshús.¹¹ Ef *hrafni* lét ófriðlega, gargaði og reifst, var talin von á ókyrru veðri. Flygi hann hátt og léti sig svífa var von á góðu. Ef *hrafni* settist á bak hrossa eða sauðfjár máttu menn búa sig undir vandræði, mikla kulda, jafnvel hafis og náttúruhamfarir. Ýmsar sögur greina frá gæsku hrafna sem launa þeim vel sem eru þeim góðir. Orðtakið „guð launar fyrir hrafninn“ bendir til að menn hafi talið það góðverk að gera vel við hann. Nú „nóttum fyrir sumar verpir hrafninn, þá kemur *hrafnabretið* öðru hvoru, þá étur hrafninn egginn þegar hæst er annars verður hrafnamergðin of mikil. Náttúran sér fyrir öllu ótrufluð“¹², sagði Hróbjartur Jónasson. Á sauðburðartíma höfðu

¹¹ Á Vísindavefurinn á www.visindavefur.hi.is/svar.php?id=6393. Sótt. 6. des. 2015.

¹² ÞMS. Hróbjartur Jónasson. ÞMS 2253/-0.

bændur varann á sér gagnvart hrafnum því hann sótti í hráa og nýborin lömb. Jón Hallsson sagði Árna Bjarnasyni á Uppsölum að hann hefði tekið mark á flugi hrafnna þegar hann fór í eftirleitir á Silfrastaðaafrett á haustin. Ef þeir flugu á undan smalamönnum inn t.d. Krókárdal, þá voru miklar líkur á að kindur væru þar.¹³

Hrossagaukurinn sagði til um ríkjandi veðurátt sumarsins og fór hún eftir því úr hvaða átt heyrðist í honum fyrst á vorin. Fleiri fuglar fundu á sér veður. „*Drösturinn* sést hér oft seinast í mars. Gömlu mennirnir kölluðu hann harðindamóra. Svo var talað um *vætukjóa*. Ekki fannst mér það boða vætu þótt kjóinn væri að garga“¹⁴, sagði Árni á Uppsölum. Smáfuglarnir stóla á skjól við hús og æti ef veður eru váleg. „Ef góð veðrátta kom nokkra daga að vetrarlagi en kólnaði svo, þá brást það varla að *auðnutittlingar* komu í hópum í garðinn hjá mér daginn áður og létu mig vita, tístu öll ósköp“¹⁵ sagði Árni. *Snjótittlingar* hrúgast líka heim að bæ ef von er á vondu veðri að vetri til.¹⁶



Taka á mark á úr hvað átt hnegg hrossagauksins beyrist fyrst á vorin.

Sagt er að úti sé „norðanþraut þegar *spóinn* vellir graut“ og „þegar krian er komin er sumarið hér“.¹⁷ Fleiri fuglar voru eftirtektarverðir í þessu samhengi. Skoða átti flug *álfta* strax og þær komu á vorin. Ef þær flugu til norðurs var sunnanátt á eftir þeim en ef þær flugu til suðurs var von á hvítleiðu veðri.¹⁸ Á haustin má oft sjá álfir og *gæsir* í hálofta oddaflugi suður yfir heiðar. Þær „virðast finna á sér norðanhret“.¹⁹



Spóinn spígsporar háfættur og langnefsjædur og þykist geta bent á ýmislegt, s.s. á veðurbata.

¹³ Árni Bjarnason á Uppsölum.

¹⁴ ÞMS. Árni Bjarnason, Uppsölum. ÞMS 17163/2009-1.

¹⁵ ÞMS. Árni Bjarnason, Uppsölum. ÞMS 17163/2009-1.

¹⁶ Leifur Hreggviðsson í Bakkakoti.

¹⁷ María Helgadóttir á Stóru-Ökrum.

¹⁸ Ólína Jónasdóttir, 1981. Bls. 32.

¹⁹ ÞMS. Árni Bjarnason, Uppsölum. ÞMS 17163/2009-1.

Ef mikið bar á *rjúpu* að hausti var von á ótíð einkum ef hún leitaði heim að mannaústöðum.²⁰ Sömu leiðis var það sagt merki um slæmt tíðarfar þegar sarpur rjúpunnar var fullur þegar henni er fargað.²¹

Vedurglögg dýr

Skepnur virðast finna á sér loftþyngdarbreytingar.²² Hugsanlega nema dýr vedurhljóð og rakastig betur en menn. Stundum er vel sjáanlegur óróleiki í hrossum á útigöngu og að sauðfé lækkar sig í fjallshlíðum og er sú hegðun talin vitna um vedrabrigði. Ef skepnur tóku á rás í ákvedna átt eða sóttu heim að húsum þegar vedur var gott, eða hópuðu sig í hnapp án sýnilegrar ástæðu, þá var það talið fyrirboði þess að vedur gæti snöggversnað.

Ef *sauðfé* vildi ekki út úr húsum mátti vænta verra vedurs. Ef gömlu *brútararnir* voru áleitnari við ærnar á tilhleyplingatíma en þeir yngri átti það að boða gott næsta ár. Boðskapurinn er gagnstæður ef ungu hrútararnir sóttu meira á. Ef *kvíaær* voru ókyrrar og stönguðust á var stormur í aðsigi og ef hlandið úr þeim var rauðleitt var það fyrirboði um sólskin.²³



Sauðfé, einkum forystuær, var talið mun vedurgleggra en fólk.

Ef „úti“lykt var af *hundi*, þegar hann kom inn, mátti vænta vedrabrigða og ef heyrðist mikið garnagaul í hundum var talið víst að vont vedur væri í aðsigi.²⁴ *Hundar* voru taldir skynja vedrabreytingar vel og sumir voru jafnvel álitnir skyggirnir. Þannig að ef hundur galti

²⁰ Guðmundur L. Friðfinnsson, Egilsá, 1991. Bls. 187.

²¹ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 141.

²² ÞMS. Árni Bjarnason, Uppsölum. ÞMS 17163/2009-1.

²³ Ær sem mjólkaðar voru í kvíum voru kallaðar kvíaær. Á vorin voru lömbin færð frá ánum svo hægt væri að mjólka þær. Fráfærur var það kallað þegar lömbin voru rekin á fjall og látin ganga þar sjálfala en ærnar hafðar heima til mjólkurframleiðslu. Þær voru mjólkaðar í kvíum yfir sumartímann og unnið skyr, mysa, smjör og ostur úr mjólkinni.

²⁴ Ólína Jónasdóttir, 1981. Bls. 32.

án sjáanlegrar ástæðu, lét illa og spangólaði var talið víst að hann sæi eitthvað sem aðrir sáu ekki.²⁵

Ef *kettir* voru mjög uppteknir við að klóra sér á bak við eyrun boðaði það regn. Hins vegar ef köttur brá loppu yfir eyra til að þvo sér boðaði það gott veður.²⁶

Mýs voru sagðar snúa holunni undan þeirri vindátt sem yrði ríkjandi yfir veturinn þannig að mark var á því takandi í hvaða átt nýjar músarholur sneru á haustin.

Hross skýla sér í vondum veðrum, bæði þegar þeir standa saman í hóp og hafa yl og skjól hver af öðrum og einnig þegar þeir snúa afturendanum (höminni) upp í vindinn. Ef þeir hama sig í góðu veðri eiga þeir von á óveðri úr þeirri átt sem hömin snýr.²⁷



*Hestar standa á streng.*²⁸ Myndin var tekin í sunnanangolu og þurru vorveðri. *Skömmu seinna var komið sunnan slagviðri.*

Nefna mætti marga veðurfarsskylda þætti varðandi húsdýrahald, s.s. að þegar lambagrös blómgudust var kominn tvílembugróður á úthagann og þegar þriggja köggla hrúgur, eða sex hrossataðshrúgur voru á fermetrann, í beitarhaga hrossa þurfti að skipta um haga.²⁹

²⁵ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 180.

²⁶ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 141. Ólína Jónasdóttir, 1981. Bls. 32.

²⁷ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 141.

²⁸ Á ferðalögum voru hross oft bundin saman á streng (reiði/kaðal) til að verjast því að þau hlypu heim af áningarstað. Af því er þetta máltæki dregið, þegar hross standa í halarófu og fá skjól hvert af öðru í hvassviðri og úrkomu.

²⁹ Þetta hafði Árni Bjarnason á Uppsölum eftir Guðmundi Valdimarssyni, sauðfjárbónda í Bólu og Sveini Jóhannssyni, hrossabónda á Varmalæk.

Fólk taldi hægt að spá fyrir veðrum með því að skoða innfyli dýra. Þegar spáð var í *milta*, sem mun hafa verið nokkuð algengt, var milta tekið úr nautgrip, sem lógað var að hausti, skornir tveir skurðir þvert yfir það og það síðan neglt upp á þil. Veðurlag var síðan ráðið út frá því hvaða litur kom á miltað. Ef það varð rauðleitt vissi það á góðan vetur en slæman ef það gránaði.³⁰ *Kindagarnir* sögðu einnig til um vetrarveðrið. Valin var *ær* sem gengið hafi heimavið um mánaðartíma áður en slátrað var. Tómu bilin á görnunum sögðu til um harðindakafla vetrarins. Þessa aðferð notaði Sigurlaug Jónasdóttir á Kárastöðum fram undir aldamótaárið 2000 þegar hún vildi skoða hvers konar veðurfars væri að vænta. Sunnlendingar, sem spáðu í garnir, sögðu það sama að tómir partar bentu á harðindi og fullir á góðvirði.³¹

Kynjaverur og veður

Ýmis kvikindi og þjóðsagnaverur voru sögð kunna að spá fyrir um veður eða valda veðrum. Í sunnlenskum torfveggjum hárðust *moldvörpur* sem líktust sauðavölum í útliti og átti að heyrast í þeim ef von væri á veðrabreytingum.³²

Útburðir voru sagðir gefa frá sér hljóð á undan vondum veðrum, hvin sem kallaður var „útburðarvæl“.³³ Vælið var óþægilegt en á því er náttúruleg skýring. Klettur geta myndað einkennilega „hvin“ eða væl í ákveðnum vindáttum og hljóðið berst langar leiðir.

Veðurdraumar

Mannanöfn, litir, tölur og fleira skipta máli fyrir draumaráðningar og mikilvægt er að hafa aðstæður á hreinu fyrir ráðninguna, enda var stundum sagt að „svo rætist draumur, sem hann er ráðinn“.³⁴ Ef aðstæður í draumnum bera með sér raunveruleikablæ sem vekja hugmyndir um mögulega túlkun draumsins ráða þær því hvernig ráðningin verður.

³⁰ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls.142. Jónas nefnir tvo heimildarmenn fyrir þessu, Húnvetninginn Steinunni Frimannsdóttur og Skagfirðinginn Stefán Stefánsson.

³¹ Sigurður Sigurðsson, 2014. Bls. 53.

³² Þórður Tómasson frá Skógum 1988. Bls. 108.

³³ Jón Árnason, I. bindi, 1954-1961. Bls. 217-218.

³⁴ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 415.

Að dreyma *mislitt fé* var fyrir umhleyplingum og hvítar kindur, hvítir hestar og hvítar rjúpur í draumi tákna snjókomu.³⁵ Fleira hvítt gat ráðist þannig. „Að dreyma hvítt fé hefir reynst mér vera fyrir snjókomu og því meiri sem féð er hvítara og vænna. Nágranna minn dreymdi eitt sinn að til hans kom eldri maður, stór með hvítt alskegg og sagðist ætla að vera hjá honum í viku. Það var hriðarveður og kuldatíð vikuna út“.³⁶

Mikil *breyfing á fé* í draumi sagði til um vindhraða og vindátt og að dreyma *vín* eða *fyllirí* var fyrir hláku en *hey* í draumi var fyrir snjókomu.³⁷

Náttúrulegir fyrirboðar

Í veðurtrú birtast tvenns konar gildi, annarsvegar yfirnáttúruleg og hins vegar almenn skynsemi sem byggist á þekkingu og reynslu. Stundum fléttast þau saman í eitt og þá er erfitt að greina hvar upphafið liggur. Í náttúrunni eru fjölmörg einkenni og merki sem menn hafa í tímans rás getað rýnt í með veður og tíðarfarir í huga. Á veturna var jörð ýmist auð eða þakin snjó, eða að jarðbönn voru og jarðleysa og á sumrin áttu menn oft allt undir góðum þurrki. Að líta til veðurs var eitthvað sem allir búmenn og -konur gerðu kvölds og morgna árið um kring.

Fólk reyndi að átta sig á hvers mætti vænta af tíðarfarinu. Verst var umhleyplingatíð með frosti og þíðu til skiptis. Sömuleiðis kveid fólk því ef sumrin yrðu köld og regn- og vindasöm. Stundum var óljóst hvað var í aðsigi, eins og harðindavorið 1853 þegar oft sýndist „þíðan stíga upp á suðurloftið, en hún var svo þróttlaus að norðanáttin snéri öllu upp í norðanhriðar“³⁸, sagði Erlendur Guðmundsson sem átti heima á Laxárdal fremri, sem liggur á milli Sæmundarhlíðar og Langadals. Orðtök vísa til þess að nær útilokað var átta sig á veðurfarinu. „Skjótt skipast veður í lofti“ og „að kveldi skal veður lofa“. Þegar ferðalög voru undirbúin var mikilvægt að velja gott ferðaveður. Hofdala Jónasar ætlaði, síðla eitt haustið með föður sínum,

³⁵ Guðmundur L. Friðfinnsson, Egilsá, 1991. Bls. 187. María Helgadóttir á Stóru-Ökrum.

³⁶ ÞMS. Árni Bjarnason, Uppsölum. ÞMS 17163/2009-1.

³⁷ Guðmundur L. Friðfinnsson, Egilsá, 1991. Bls. 187.

³⁸ Erlendur Guðmundsson, 2002. Bls. 147.

með kjöt til innleggs, frá Vindheimum út á Sauðárkrók. „Eldsnemma var farið á fætur [um] morguninn [...] og lítið til veðurs. Útlitið var fremur ísbyggilegt, kaþbykkni í lofti, svo hvergi sást glóra. Blækýrrt var og úrkomulaust, en skúraleiðingar í fjöllum“.³⁹ Nokkrum stundum síðar var „skollið á óveður, norðaustanhvassviðri og ausandi rigning“.⁴⁰ Þá spáði því einhver að hann gengi „í blindhríð með kvöldinu“, sem gekk eftir.



Veðrið sem skildi þessa mynd eftir sig var með snjókomu og bálhvasst til fjalla þannig að vindstrokan reif allan snjó burtu með sér niður í miðjar hlíðar. Þar var bygnara og á láglandi var blíðuveður og frostlaust.

Veðraskil á fjöllum geta oft verið ótrúlega skörp. Eitt sinn í norðan næðingi þegar Leifur í Bakkakoti og Hjálmar á Tunguhálsi fóru að leita fjár suður á Hofsstaðafrétt ríðu þeir inn í sunnan andvara og blíðuveður þegar þeir voru komnir að Hofsjökli. Á leiðinni til baka tók á móti þeim sami norðan fræsingurinn þegar þeir nálgudust Vesturdalinn, á bakaleiðinni.⁴¹

Framhéraðsfólk kikti eftir teiknum á *Tindastóli*. Væri hann baðaður sól að morgni, eftir langvarandi óþurrkatíð, „mátti treysta á þurrk þann daginn. En ef voru sortuæxli (dökkir skýjablettir) yfir *Sæmundarhlíð* (og sólblettir á milli) var engu að treysta og oftast rigndi með kvöldinu“.⁴² Sömuleiðis mátti bóka að væri komin rigning í *Staðarfjöllin*, frá Vesturdal séð, var norðanátt að ganga inn.⁴³

³⁹ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961 Bls. 220.

⁴⁰ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 221.

⁴¹ Leifur Hreggviðsson í Bakkakoti.

⁴² ÞMS. Árni Bjarnason, Uppsölum. ÞMS 17163/2009-1.

⁴³ Leifur Hreggviðsson í Bakkakoti.



Ef kembir yfir Tindastól boðar það norðvestanveður og jafnvel úrkomu.

Kólgubakki yfir Tindastóli og við hafsbrún boðar norðan og norðvestan fýlu í framhluta Skagafjarðar en ef blánaði til hafsins boðaði það sunnanátt og þíðu.⁴⁴ Í norðaustanátt leggur skýjaflóka meðfram Tindastóli. Ef strókur safnaðist á *Asgeirsbrekkubnjúk* boðaði það norðan kulda og sennilega úrkomu og dragi hafáttin skýjabakka inn á *Silfrastaðafjallsöxl*, frá Vesturdal séð, má bóka úrkomu sem fellur fyrir eða seinna, eftir því hve áttin er hvöss.⁴⁵

Drangey er þverhnipt eyja úti á miðjum Skagafirði og sést víða að. Séra Gunnar í Glaumbæ sagði að hægt væri að marka veðrabrigði á



því hve hátt eða lágt *Drangey* „stöð“ á sjónum. Ef eyjan stendur lágt boðar það gott veður og batnandi en öfugt ef hún stendur hátt.⁴⁶ Þessi staða eyjarinnar var háð því hvort hún birtist landfólki í hillingum eða ekki. Um þetta var ort⁴⁷:

*Efst og fjarst í vinstra horni myndarinnar
gægist Drangey fyrir horn á Elínarhólma.*

⁴⁴ ÞMS. Árni Bjarnason, Uppsölum. ÞMS 17163/2009-1. Sveinn J. Einarsson, Hofsósi.


⁴⁵ Árni Bjarnason á Uppsölum, Leifur Hreggviðsson í Bakkakoti.

⁴⁶ Séra Gunnar Gíslason í Glaumbæ.

⁴⁷ Höfundur fyrri vísunnar er Sigvaldi Jónsson skáldi (Skagfirðingur), höfundir seinni vísunnar er ókunnar. Báðar eru þær á Braga á <http://bragi.info/visur>. Sótt 22.1.2018.

Þó að tíðin þyki bág
þann ei hræðumst voða.
Nú er Drangey löng og lág,
landátt virðist boða.

Sé hún Drangey löng og lág
það landátt virðist boða
en sé hún aftur ógnarhá
oft veit það á hroða.




Standi Malifellsbjúkurinn upp úr lágskýfjaflókanum er von á þurrviðri. Sé hann á kaf í skýjum boðar hann vætu.

Malifellsbjúkur er áberandi fjall í suðvestanverðum Skagafirði og notaður bæði sem mið og eyktamark (þ.e. náttúruleikenni sem ber við sól á ákveðnum tíma dags) víða í Skagafirði. Hnúkurinn er margræður í merkingum. Ef ský settist á hann „í suðvestanátt þá var skammt í regn“.⁴⁸ Þegar belti er um toppinn, þannig að hann stendur upp úr skýjunum er von á þurrki.⁴⁹ Í austanverðum *Malifellsbjúke* er gilskorningur sem iðulega safnar vetrarsnjó og myndar skafli sem bráðnar seint en þegar það gerist kemur einskonar hestsmynd í ljós.

⁴⁸ ÞMS. Árni Bjarnason, Uppsölum. ÞMS 17163/2009-1.

⁴⁹ Sigurður Björnsson á Stóru-Ökrum.

Hvítan hest í Hnjúkinn ber,
hálsinn reyrið klakaband.
Þegar bógur þíður er,
þá er fært um Stórasand.⁵⁰



„Snæbesturinn“ í Mælifells-hnjúknum er ekki skapaður samkvæmt nútíma kröfum. Þarna er hann um það bil að bráðna í sundur um bógana. Ljós- í einka- eign.

Hesturinn var semsagt notaður til viðmiðunar um hvort klaki væri farinn úr jörðu. Þegar hann var bráðnaður í sundur um „bógana“ var orðið fært yfir Stórasand.⁵¹ Þetta höfðu forfedurnir til marks um að óhætt væri að fara í skreiðarferðir um fjallvegi. Þesskonar ferðalög voru stunduð fram um 1890. Þá komu menn úr verinu með þann fisk sem þeir fengu í sinn hlut eða að fólk var sent til að kaupa harðfisk, einkum þurrkaða hausa.

Fleiri fyrirboðar voru um færð á fjallvegum en hesturinn í Mælifells-hnjúk. Holtið fyrir neðan Bjarnastaði, á milli Flugumýrarhvatns og Hjaltastaða, heitir *Þormóðsholt*. Á því stendur samnefndur bær. Í holtinu er mikið grjót og leir sem í myndast holklaki á frostríkum vetrum, sem þiðnar seint. Bílvegur liggur yfir Holtið á sömu slóðum


⁵⁰ *Skagfirðingabók* 11, 1982. Bls. 55.

⁵¹ ÞMS. Árni Bjarnason, Uppsölum. ÞMS 17163/2009-1.

og vagnslóð var og þar á undan reiðgötur. Áður en skipt var um jarðveg fyrir bílveginn, fyrir tíma malbiksins, mynduðust forarpyttir í veginn á meðan klakinn var að fara úr jörðu. Rögnvaldur Jónsson (1908-2003) bóndi í Flugumýrarhvammi hafði það eftir gömlu fólki að þegar holklakinn væri farinn úr Þormóðsholtinu að þá væri fært um Kjöl.⁵²

Á austurströnd Skagafjarðar tekur fólk mark á ýmsum fleiri veðurteiknum til vestur og austurs. Í austanátt dregur Málmei á sig hatt og þoku kembir niður Unadal og Deidardal. Þá leggur austanáttin ský á Bjarnarfellið.⁵³

Samspil vatns og lofts breyttist eftir veðrum og lofthita og stundum má lesa veðurbrigði út frá því. T.d. mátti búast við næturfrostri ef mikið rauk úr *Vallmalang* á haustkvöldi.⁵⁴ Laug þessi er austan við



Vallholtið og sést frá mörgum bæjum. Önnur heit laug, niðri við vatnsborð Jökulsár vestari, vestur af Bakkakoti, lætur lítið yfir sér en ef úr henni rýkur meira en venjulega má búast við að létti til.⁵⁵

Þegar ský brydda sig og mynda bakka upp úr þurru á fallegu sumarkvöldi má búast við regni að morgni.

Bókartitillinn *Ef hátt lét í straumnið Héraðsvatna*, eftir Ólínu Jónasdóttur frá Fremri-Kotum, er tilvísun í þá trú að ef heyrðist í straumnið Héraðsvatna, sem að öðru jöfnu runnu hljóðlaus, var því trúað að

⁵² Helga Bjarnadóttir í Varmahlíð.

⁵³ Sveinn J. Einarsson, Hofsósi.

⁵⁴ Sigurður Björnsson á Stóru-Ökrum.

⁵⁵ Leifur Hreggviðsson í Bakkakoti.

einhver væri feigur og myndi drukkna í þeim.⁵⁶ Óvenju hár áriður eða ef *heyrist í vatni*, sem eins og Héraðsvötn, rennur að öðru jöfnu hljóðlaust, vitnar það um að vindátt sé að breytast. Ef t.d. heyrist frá Djúpadalsánni á Akratorfubæjum er áttin að snúa sér í norðrið og ef dynurinn í Jökulsánni vestari hækkar eru veðrabrigði í nánd og áttin að snúa sér.⁵⁷ Rennandi vötn geta gefið fleiri vísbendingar. Ef Héraðsvötn „ryðja sig í hörkufrosti á vetrardag“ veit það á linara veður.⁵⁸ Ólafur Bjarnason sem kom stundum við á Uppsölum um miðbik 20. aldar var eitt sinn staddur þar stuttu fyrir sumarmál. Mikið *flóð* var í Héraðsvötnum. Ólafur horfði á og sagði: „Gömlu mennirnir sögðu að það kólnaði ævinlega eftir flóð í Vötnunum fyrir sumarmál“.⁵⁹ Fyrir þessu lágu engar sérstakar rannsóknir. Árni á Uppsölum sagði að sögn um að það vissi á kalt vor ef Norðurá og Héraðsvötn „ruddu sig“ fyrir sumarmál væru engin vísindi. Hann hefði alla sína tíð fylgst með rennsli ána og sagði „allan gang vera á því“ hvernig brygði til um veðráttuna eftir.⁶⁰

Leifur í Bakkakoti sagði að ef ský hrannast upp við *Sauðafell*, sem er við vestanverðan Vesturdal, sunnan við Hofsfjall, boðaði það skúr og var ekki bundið við neina eina átt.⁶¹ Alltaf var fylgst með skýjafari við Sauðafell. Fylgst var með fleiri *skýjakúfum* þar í grennd. Síðsumars í blíðskaparveðrum og skýlausum himni myndast stundum, frá fremstu bæjum í Blönduhlíð séð, *skýjabólstrar* á suð-suðaustur himni, „yfir fjallinu ofan við Flatatungu á kjálka í stefnu á Gilsbakka í Austurdal, sagði faðir minn. Já, þá var gefið austanhvassviðri og betra að fergja hey og fúlgur því oft var fændinn laust í hálfan sólarhring eða lengur. Þetta var algengt seint í ágúst og fram- an af september. Þetta er orðið sjaldgæfara á seinni árum, hvað sem veldur“⁶², sagði Árni á Uppsölum. Bjarni Halldórsson, faðir Árna, kallaði fyrirbærið ýmist „helvítis Leifagúlpinn“ eða „Bakkagúlinn“.⁶³

⁵⁶ Ólína Jónasdóttir, 1981. Bls. 33.

⁵⁷ Sigurður Björnsson á Stóru-Ökrum, Leifur Hreggviðsson í Bakkakoti.

⁵⁸ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 139.

⁵⁹ Árni Bjarnason á Uppsölum.

⁶⁰ Árni Bjarnason á Uppsölum.

⁶¹ Leifur Hreggviðsson í Bakkakoti. Sauðafell er á milli Vesturdals og Goðdaladal.

⁶² ÞMS. Árni Bjarnason, Uppsölum. ÞMS 17163/2009-1.

⁶³ Leifur, sem gúlpurinn var kendur við, var Hjörleifur Jónsson sem bjó á Gilsbakka á árabílinu 1918-1973.



Gráblíka í lofti og flód í vötnum. Vorin eru oft umbleyptingasöm.

Þegar hvín í fjöllum var talað um *veðurhljóð*, jafnvel stórhriðarhljóð eins og nágrennar *Glóðafeykis* heyrðu stundum þegar vond veður voru í aðsigi. Eitt vorið lýsti það sér með þeim hætti að hvínur heyrðist og „eftir litla stund huldist fjallið hriðarmekki og veðurhljóðið ætist. Niðurinn í fjallinu var eins og þungt brimsog“.⁶⁴ Hvínur í *Blöndublíðarfjöllum* er yfirleitt undanfari austanhvells og þá var talað um veðurgný.

Sé úrkoma með austanáttinni getur hún steipt úr sér skúrum í Vesturdal þótt þurrkur sé í Austurdal. Þannig veðurlag hafa bændur í austanverðum Vesturdal oft upplifað. Sterk stroka sem myndast þegar vindur blæs niður *Bakkadal* (*Gilbakkadal*) þéttist á tungunni milli Austur- og Vesturdals og sé raki með blæstrinum myndar hann regn vestan hennar. Þannig getur verið afar ólíkt veður í dölunum þótt þeir liggi hlið við hlið í sömu átt. Hundrigning í Vesturdal getur vel þýtt þurrk í Austurdal í austanátt. Sömuleiðis getur verið úrkoma og slæmt veður í Austurdal og þurrt í Vesturdal í suðvestanátt. Eitt vorið þegar Byrgisskarðsbóndi átti leið um Austurdal á sauðburði voru þar sílaðir lækir en blíðuveður var í Vesturdal þegar þangað kom og hafði verið lengi.⁶⁵ Um miðja 20. öld töluðu Skatastaðamenn um að ef „létti undir að austan“ var það undanfari

⁶⁴ Hannes J. Magnússon, 1967.

⁶⁵ Leifur Hreggviðsson í Bakkakoti.

Þess að það létti alveg til. Austangola úr Ábæjardalnum olli því að það birti upp á parti í Austurdalnum en það gat verið áfram þoka til fjalla og þokubakki yfir.⁶⁶

Ef skógarlauf falla seint í september veit það á kaldan vetur og mikil berjaspretta var fyrir vondum vetri. En fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Fólk mátti eiga von á góðu berjahausti eftir mikinn snjóavetur.

Sól í kaffinu – heimilistengdir veðurboðar

Við daglegan umgang og störf mátti sjá ýmsa fyrirboða veðrabrigða innanbæjar og utan. Krístrún Hjálmsdóttir á Kúskerpi kenndi Ólínu Jónasdóttur, sem seinna setti það á bók, að ef *malað kaffi* tolldi mikið við kaffikvarnarskúffuna eftir að búið var að mala kaffi, mátti búast við rigningu. Hins vegar mátti sjá sólskin og heidríkju á loftbólum í öllum regnbogans litum í *kaffipokanum* þegar hellt var upp á með gamla laginu.⁶⁷ Sigríður Gunnarsdóttir á Stóru-Ökrum hafði oft á orði að sólskin væri í kaffinu þegar hellt var upp á og það mynduðust regnbogalitaðar loftbólur í kaffipokanum undan vatnsbununni þegar hellt var uppá. Ef mikið *vall* í grautarpotti mátti búast við stormi og ef *pottur* yfir hlóðaðli varð hvítur að neðan mátti búast við köldu en björtu veðri. Þá var talið að ef óvenju mikið *gjall* var í hlóðaöskunni mætti búast við frosti.⁶⁸

Ýmislegt sem daglega var notað innadyra var ágætt mælitæki á raka. Óvenju mikið snark í ljósi átti að boða úrkomu. Ljóskeikurinn var ýmist spunninn úr ull, hör eða fífuhári, sem brann misvel. Snögg aukin rekja í loftinu, sem gaf til kynna þéttara og rakara loft með jafnvel regni í kjölfarið, gat vel kallað fram snark í fífukveik. Sömu leiðis gat rakamettað loft kallað fram lykt sem að öðru jöfnu var ekki megn, s.s. úr koppunum. Um það var þessi húsgangur.⁶⁹

Veltast í honum veðrin stinn,
veiga mælti skorðan,
kominn er þefur í koppinn minn,
kemur hann senn á norðan.

⁶⁶ Leifur Hreggviðsson í Bakkakoti.

⁶⁷ Ólína Jónasdóttir, 1981. Bls. 32.

⁶⁸ Ólína Jónasdóttir, 1981. Bls. 32.

⁶⁹ Stökuna er að finna m.a. hjá Bragi á <http://bragi.info/visur>. Sótt 22.1.2018.

Búast mátti við úrkomu ef *baðstofuburðin* varð stíf og féll illa að stöfum. Sömu lögmál giltu um *rifu í þili*, ef hún þrengdist eða lokaði sér vissi það á votviðri og ef *þvottasnúran* strekkdist af sjálfu sér mátti eiga von á roki.⁷⁰ Sömu öfl voru að verki þegar *reyk úr blóðaeldbúsum* lagði í logni niður með jörðu í staðinn fyrir að fara beint upp í loftið eða liðast undan vindi eins og oftast var. Þegar reykurinn læddi sér niður benti það til votviðris.⁷¹

Það kunni ekki góðri lukku að stýra á heyrnartímum að slá gras af húspækju eða sópa hlaðið, sagði gamla fólkið, og harðbannað var að skilja við *brifu* eftir útivið þannig að hún lægi með tindana upp í loftið. Það boðaði rigningu. En ef *brifuskojft* slógust óvart saman við heyskapinn var það fyrir þurrki.

Sól og tungl

Manneskjan hefur dýrkað og dáð himintunglin, einkum sól og tungl, um aldir. Sólin er enn örslagavaldur í lífi okkar jafnt og forfeðranna og fólk gætti vel að nýju tungli. Einkum í hvaða átt það kviknaði því að úr þeirri átt var talið að vindurinn stæði til næstu kvartskipta, jafnvel fram að næstu tunglkomu. Þá var einnig mikilvægt að taka eftir því hvenær sólarhringsins tunglið kviknaði og hvernig það fyllti sig.⁷² Gamlir húsgangar vísa til þess hve tunglið hafði mikil áhrif á lífshætti fólks.⁷³

Tólf eru á ári tunglin heid,
til ber að þrettán renni.
Sólin gengur sína leið
svo sem Guð bauð henni.

Tólf á ári tel ég tungl,
tíðum kemur á það svingl.
Lúi er það fyrir liðinn ungl
lengi að keipa fyrir ingl.

Þá þorratunglið tínætt er (tíu náttu)
telja menn lítinn háska.
Næsta sunnudag nefna ber
níu vikur til páska.

⁷⁰ Ólína Jónasdóttir, 1981. Bls. 32-33.

⁷¹ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 140.

⁷² Guðmundur L. Friðfinnsson, Egilsá, 1991. Bls. 187.

⁷³ Guðríður B. Helgadóttir í Austurhlíð, Blöndudal.

Þá skipti máli hvernig tunglið var á litinn. Um það segir⁷⁴:

Rauða tunglið vottar vind,
vætan bleiku hlýðir,
skíni ný með skærri mynd
skírviðri það þýðir.

Ólafur Guðmundsson í Sauðanesi sagði þetta um tunglkomu⁷⁵:
Með tunglkomu trú þú það
og tem þér gætni slíka:
Veðrabrigða von er að,
víst með fullu líka.

Að vetri til boðar það „hreinvíðri, ef mánabert er, annars er sagt
það boði frost og harðvíðri“⁷⁶.



Glítskjý, ísaskjý eða perlumóðurskjý, voru talin fyrirboðar mikilla tíðinda.

Litbrigði norðurljósanna, sem fyrrum voru kölluð vafurlogar eða rafurlogar og fylltu himinhvolfin á heiðskýrum kvöldum, báru vitni um kuldatíð, að fólk taldi. Árni á Uppsölum hafði það eftir

⁷⁴ Vísuna er að finna m.a. á Braga á <http://bragi.info/visur>. Sótt 22.1.2018.

⁷⁵ Stökuna er að finna m.a. á Braga á <http://bragi.info/visur>. Sótt 22.1.2018.

⁷⁶ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 146.

Guðmundi Valdimarssyni í Bólu að sumarþáskar boðuðu ævinlega harðindi.⁷⁷

Um miðjan vetur má oft sjá *glitský*. Þau myndast í heiðhvolfinu í um 15 - 30 km hæð og eru úr ískristöllum í -70 til -90 °C frosti.⁷⁸ Glit-skýin eru falleg en þau voru talin boða hafís og harðindi.⁷⁹ Stundum myndast mikill hring- eða hálfhringlaga baugur, „*rosabaugur*“ eða „*þráviðrisbaugur*“, eftir eðli baugsins, umhverfis sól og tungl.⁸⁰ Væri op eða gátt á baugnum átti það að sýna mönnum úr hvaða átt von væri á vindi.⁸¹

Skyldir rosabaugnum eru gíllinn og úlfurinn í máltakinu: „sjaldan er gíll fyrir góðu nema úlfur á eftir renni“. Þá myndast skærhvítt ský eða ljósbrot við sólu. Úlfar voru litfögur háský sem stundum sjást á himni. Sú staða boðaði þurrviðri. Margir rauðgrænir úlfar kringum sólina boða hins vegar óveður.⁸² Þessi litbrigði stafa af ískristöllum sem endurkasta sólarljósinu í ýmsum litum, eins og í *Glitskýjunum*.



Regnbogi er litríkur ljóssveigur á himni þegar sól skín í mjög röku lofti. Hann er merki mikils loftraka og þess að rigning sé í grennd eða að vanta megi uppstyttnu. Nái báðir endar til jarðar var talað um jarðboga. Í heiðni lá regnboga-brú, Bifröst eða Ásbrú, upp til himna þar sem goðið Heimdallur stóð á verði.

⁷⁷ Árni Bjarnason á Uppsölum.

⁷⁸ Veðurstofa Íslands á <http://www.vedur.is/vedur/frodleikur/greinar/nr/355>. Sótt 5.2.2018. Vísindavefurinn á <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=4763>. Sótt. 5.2.2018.

⁷⁹ Páll Bergþórsson, 1990. Bls. 237-238.

⁸⁰ Sigurður Björnsson á Stóru-Ökrum kallaði rosabauginn ýmist veðrahjalm eða risabaug og sagði að hann boðaði rok og það brygðist aldrei.

⁸¹ Þórður Tómasson, 1979. Bls. 26.

⁸² Þessi litríku ský og baugar myndast þegar sólarljós brotnar á ískrystöllum. Gíll er skærbjart afbrigði sömu sjónhverfinga.

Veðurdagar og forlög

Merkidagar eru þeir kallaðir dagarnir sem talið var hægt með nokkurri vissu að reikna nætti komandi veður út frá. Í *Sögu daganna*, riti Árna Björnssonar, þjóðfræðings, eru ákveðnir tímamótadagar eftirtektarverðir með tilliti til veðurs. Sömu leiðis tók Páll Bergþórsson, veðurfræðingur, saman yfirlitsgott dagatal um íslenska merkidaga í kaflanum „Veðurspár“ í ritinu *Íslenskt þjóðmenning*.⁸³ Kristín trú og þjóðtrú fléttuðust saman á löngum tíma og sumir kaþólskir dýrlingadagar halda enn veðurspárhlutverkinu þótt þeir hafi fyrir löngu tapað trúarlegu gildi að öðru leyti. Veðurdagar tengjast sumum stórhátíðum á kirkjuárinu en margar af þeim kristnu hátíðum, sem tengjast veðri, eiga rætur að rekja aftur til heiðni.

Veðurspárgildi merkidaga og sú forlagatrú sem í henni flest er rótgróin í íslenskri þjóðmenningu. Mörgum fannst allt vera fyrirfram ákveðið. Í norrænu goðafræðinni spunnu orlaganornirnar Urður, Skuld og Verðandi orlög hvers og eins.⁸⁴ Frá þeim var ekki komist hvað sem viðvek annarri trú, eitt leiddi af öðru, atburðarásinni yrði ekki breytt. Broddi Jóhannesson frá Silfrastöðum sagði að fólk hefði jafnvel hiklaust talið að harður vetur væri „makleg refsing fyrir gálausan ásetning að hausti“.⁸⁵ Þ.e. að ef tekin var áhætta í búskapnum, í ósamræmi við það sem hefðbundið var og skynsamlegt þótti, var hætt við að fá hana margfaldlega í bakið. Það gerðist sem átti að gerast og ekki borgaði sig að óska eftir góðu veðri eða hæla veðrinu því þá gat öllu brugðið í öfuga átt. Ef vetur eða sumar voru betri en í meðallagi bjó fólk sig undir að mæta ótíð.

Margir héldu veðurdagbækur. Ástæðan var einföld og einlæg forvitni um veðurfar og samanburður veðra á milli ára var uppspretta margskonar hugmynda. Einhverjir töldu að tíðarfar væri eins á nítján ára fresti og var það tímabil nefnt tunglöld.⁸⁶ Þá spáðu menn langt fram í tímann, eins og Beda prestur, sem var engilsaxneskur landkönnuður og kennimaður á 7. öld og skildi eftir sig mikinn vís-

⁸³ Páll Bergþórsson, 1990. Bls. 257-263.

⁸⁴ *Eddukvæði*, 1999. Bls.10.

⁸⁵ Broddi Jóhannesson, 1947. Bls. 318.

⁸⁶ Þórður Tómasson, 1979. Bls. 26.

dóm, m.a. um það hvernig árin hegðuðu sér eftir því á hvað degi þau hæfust. Verður vikið að spádómum hans síðar.

Sumar veðurspárbækur voru gefnar út svo sem veðurbók Benedikts Ívarssonar frá Finnastöðum, *Dagatal með veðurspá 1859*, sem varð að vinsælu almanaki en ekki gekk það allt upp. Spá hans fyrir veturinn og vorið 1859 var einstaklega bjartsýn en raunin varð allt önnur. Þá gerði hörkufrost og var seinna talað um Skurðarveturinn 1859. Veðurspár Benedikts voru ekki prentaðar oftár.⁸⁷

Eftirfarandi þula lýsir því hverslags ástandi og veðri fólk vænti eftir árstímum:

Mörsugur á miðjum vetri, markar spor í gljúfrasetri.
Dorri hristir fannafeldinn, fnæsir í bæ og drepur eldinn.
Góa á til grimmd og blíðu, gengur í éljapils síðu.
Einmánuður andar neþju, öslar snjó og hendir krepju.
Harpa vekur von og kæti, vingjarnleg og kvik á fæti.
Skerpla lífsins vöggu vaggar, vitjar hrelldra, sorgir þaggar.
Sólmánuður ljóssins ljóma leggur til og fuglahljóma.
Heyannir og *hundadagar*, hlynna að gæðum fróns og lagar.
Tvímánuður allan arðinn, ýtum færir heim í garðinn.
Haustmánuður hreggi grætur, hljóða daga, langar nætur.
Gormánuður, grettið tetur, gengur í hlað og leiðir vetur.
Ýlir ber, en byrgist sólin. Brosa stjörnur, koma jólin.⁸⁸

Fyrsti merkisdagur ársins hvað veðurfar snerti var *Pálsmessa*, þann 25. janúar, sem er fyrsti dagur þorra. Veður á Pálsmessu gat skipt máli fyrir veðurfar í aprilmánuði. Ef tungl var fullt þennan dag var von á hörðum vetri og ef þoka var þjuggu bændur sig undir það versta.⁸⁹ Um það segir í gömlum vísu:

Ef heiðskirt er og himinn klár
á helga *Pálusmessu*,
mun þá verða mjög gott ár
mark skal taka á þessu.

Ef myrkt er loft á messu Páls
má þig við því óa
að heljartökin hörkubáls
hylji allt með snjóa.

⁸⁷ Páll Bergþórsson, 1990. Bls. 256.

⁸⁸ Guðríður B. Helgadóttir í Austurhlíð, Blöndudal.

⁸⁹ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 132-3.

En ef þokan Óðins kvon
á þeim degi byrgir,
fjármissir og fillisvor [fyllisvon]
forsjáll bóndinn syrgir.⁹⁰

Ef þorrinn hófst með frosti og stillu trúðu menn að vel mundi vora.

Kyndilmessa, þann 2. febrúar, þótti skipta verulegu máli með veður.
Um það segir í öðrum húsgangi:

Ef í heiði sólin sest (sumir segja sést)
á sjálfa *Kyndilmessu*
snjóá vænta máttu mest
maður upp frá þessu.

Skafofndur himinn á *Kyndilmessu* boðaði sem sagt vont fyrir seinni hluta vetrar. Þannig var það Skurðarveturinn 1859 að upp frá heiðríkri *Kyndilmessu* var látlaust illviðri og kuldi til *páska*, öfugt við spádóma í veðurbók fyrrnefnds Benedikts frá Finnastöðum fyrir það ár.⁹¹ Jókst trú manna á þeim fyrirboða mjög við það.⁹²

Matthíasarmessa var marktækur veðurdagur, hún er 24. febrúar⁹³:

Mattías ef mjúkur er
máttugt frost þá vorið ber.
Vindur, hríð og veður hart,
verður fram á sumar bjart.

Mattías þýðir oftast ís,
er það greint í versum.
Annars kala verður vís,
ef vana bregður þessum.

„Sjaldan er sama veður á *pálma* og *páska*“.⁹⁴ Menn bjuggust við að veður breyttist um *páska* og batnaði, eða versnaði, eftir því hvernig

⁹⁰ ÞMS. Hröbjartur Jónasson, f. 1893. ÞMS 2253/-0.

⁹¹ Páll Bergþórsson, 1990. Bls. 256.

⁹² Guðmundur L. Friðfinnsson, Egilsá, 1991. Bls. 185

⁹³ Þessar stökur er að finna hjá Braga á <http://bragi.info/visur>. Sótt 22.1.2018.

⁹⁴ ÞMS. Hröbjartur Jónasson, f. 1893. ÞMS 2253/-0. María Helgadóttir á Stóru-Ökrum.

viðraði fram að því. Þá skipti máli hvort páskaþingur lentu vetrar- eða sumanmegin. Sagt var að *vetrarpáskaþingur* boðuðu gott en *sumarpáskaþingur* voru verri fyrir veðurfar næstu mánaða. Flestir bjuggust við páskaþingur, einkum ef vel viðraði mánuðinn á undan.⁹⁵

Á *Kóngsbænadegi*, fjórða föstudegi eftir páska, mátti búast við þingur.⁹⁶ „Þú skal hann *Dorri*, þessin *Góa*, votur *Einmánuður*, þá mun vel vora“.⁹⁷ Sömuvegis var sagt að „grimmur skyldi *Góudagur* fyrsti, annar og sá þriðji, þá mun *Góa* góð verða“.⁹⁸

Ef hún *Góa* öll er góð
ýtar mega það muna
þá mun *Harpa* hennar jóð
herða veðráttuna.⁹⁹

Góa gat verið vond í sínum góðviðrisspám. Um það kvað Jón Árnason á Víðimýri¹⁰⁰:

Góa dustar faldinn flá,
frosta gusti meður,
Kári bustum bylur á
bellur á hlustum veður.

Gamall húsgangur er til um fjölskyldubönd *Dorrans* og *Góunnar*.

Dorri og *Góa*, grálynd hjú,
gátu son og dóttur eina.
Einmánuður sem bætti ei bú
og blíða *Hörpu* að sjá og reyna¹⁰¹.

Óskudagurinn á „átján bræður“ og talið var að veðurfar á þeim degi réði veðri næstu átján daga á eftir.

⁹⁵ Guðmundur L. Friðfinnsson, Egilsá, 1991. Bls. 185

⁹⁶ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 136.

⁹⁷ ÞMS. Hröbjartur Jónasson. ÞMS 2253/-0.

⁹⁸ Sama heimild.

⁹⁹ Sama heimild.

¹⁰⁰ Stökuna er að finna m.a. á Braga á <http://bragi.info/visur>. Sótt 22.1.2018.

¹⁰¹ Hjá Braga á <http://bragi.info/visur>.

Öskudagsins bjarta brá
bætti úr vonargögnum,
þar hann bræður átján á
eftir gömlum sögnum.¹⁰²

Öskudaginn marka má
mundu hvernig viðrar þá
fróðir vita að hann á
átján bræður líka að sjá.¹⁰³

Sunnudaginn í miðgöu var sagt að „vermisteinninn“ kæmi í jörðina, og upp frá því átti að fara að batna.¹⁰⁴ Úr því fóru svell að flísast frá jörðu og holast undan fönnum (húsa frá).

„*Mars* með sína 40 riddara [...] eiga að minna hver á annan. Þá eru vorjafndægur, [...] þá á að rigna sem mest“¹⁰⁵ og átti allur gróður að verða mestu og bestur.

„Í *apríl* kviknar sumartunglið, eins og viðrar á fyrsta kvartili þess á það minnir veðráttan næstu þrjú tunglin“.¹⁰⁶

Húsfreyjur áttu að setja út ílát aðfaranótt *sumardagsins fyrsta*, eitt eða tvö. Annarsvegar tómt ílát undir fyrstu sumardöggina sem átti að stuðla að meiri málntytu og hins vegar ílát með vatni til að kanna hvort vetur og sumar frusu saman. *Rjúmaskánin* á mjólkurtrogum sumarsins átti að vera af sömu þykkt og *svellskánin* á pollunum þessa nótt.¹⁰⁷ Um það var ort:



Þokubakkar læðast með fjöllum og böða vatu. Á sumrin þegar þoku leggur upp af vötnum og læðist með landi inn til dala er hún kölluð dalalæða.

¹⁰² Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 134.

¹⁰³ ÞMS. Hróbjartur Jónasson. ÞMS 2253/-0.

¹⁰⁴ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 134.

¹⁰⁵ ÞMS. Hróbjartur Jónasson. ÞMS 2253/-0. Höfundur vísunnar er ókunnur.

¹⁰⁶ ÞMS. Hróbjartur Jónasson. ÞMS 2253/-0.

¹⁰⁷ Guðrjúður B. Helgadóttir í Austurhlíð, Blöndudal.

Frjósi sumars fyrstu nótt,
fargi menn ei fé né kú.
Gróða konum gerist rótt,
gott mun verða undir bú.¹⁰⁸

Ef vel viðraði *fyrsta sunnudag í sumri* átti sumarið að verða gott og töðuþurrkurinn átti að fara eftir veðrinu þann daginn.¹⁰⁹ Elddiviðarþerrir fór hins vegar eftir *fyrsta laugardegi í sumri*.¹¹⁰

Á *hvítasunnudegi* mátti búast við hreti.¹¹¹ Bæði „*uppstigningarbreti* og svo *hvítasunnubreti* þegar hvort tveggja er í maímánudi. Ef ekki þá má búast við *fardagabreti* í júní“.¹¹²

Á *Jónsmessu* ef viðrar vott
við því flestir kvíða,
þá mun verða þeygi gott
að þurrka heyin víða.



„*Kvöldroðinn bætir, morgunnroðinn
vatir*“ er sögn sem margir þekkjja.

Þannig hljómar enn einn húsgangurinn sem einhverjir kannast við en fáir taka mark í dag. Öðru máli gegndi um *hundredagana* og *höfuðdaginn* þann 29. ágúst. Fólk á að taka vel eftir veðurfari á fyrsta hundredegi, því eftir honum fer veðrið næstu 40 dagana fram á höfuðdag og þá á að skipta veðrum. Ef þeir eru votviðrasamir má reikna með þurrara veðri eftir höfuðdag, og öfugt.

¹⁰⁸ ÞMS. Hróbjartur Jónasson. ÞMS 2253/-0.

¹⁰⁹ Guðríður B. Helgadóttir í Austurhlíð, Blöndudal. Guðmundur L. Friðfinnsson, Egilsá, 1991. Bls. 187. Sumir sögðu að bæði sumardaginn fyrsta og fyrsta sunnudag í sumri yrði að viðra vel til að þetta gengi eftir.

¹¹⁰ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls 135.

¹¹¹ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 136.

¹¹² ÞMS. Hróbjartur Jónasson , f. 1893. ÞMS 2253/-0.



Þessi réttardagur rann upp hlýr og fagur með vindskafin ský á himni. Fyrir bándur skíptir það miklu máli að tíðin sé góð í fjárragi haustsins, þegar fé er heimt af fjalli. Þennan góðvörðisdag var ekki amalegt að draga fêð í sundur.

Árið 1882 snjóaði í hverri viku allt sumarið og engin heytugga náðist fyrir en á höfuðdaginn. Þá „skipti algjörlega um tíðarfar til hins betra“¹¹³ með sunnan hlýindum sem héldust fram á vetur. Bjart-sýnismaður sagði bölsýnismanni að hann vonaðist eftir sól og þurrki eftir miklar rigningar um *hundadagana*: „Nei, þá leggst hann að“, sagði bölsýnismaðurinn og var það haft fyrir máltak.¹¹⁴

Egídiusarmessa, 1. september, var þrautadagur að margra áliti, sérlega ef höfuðdagur brást með haustsveðurspána.¹¹⁵ Hann „skal vera þurr og hagstæður“.¹¹⁶ „Ef veður er þá fagurt, verður svo allan mánuð-inn, og ef þurrt er veður, þá verður gott haust“.¹¹⁷

Engum þótti þó „lakara að fá haustkálfi, en það var hret tímanlega hausts. Þá var góðs von á eftir“.¹¹⁸

¹¹³ Jónas Jónasson frá Hofdölum, 1979. Bls. 33.

¹¹⁴ Guðriður B. Helgadóttir í Austurhlíð, Blöndudal.

¹¹⁵ Guðmundur L. Friðfinnsson, Egilsá, 1991. Bls. 185.

¹¹⁶ ÞMS. Hröbjartur Jónasson, f. 1893. ÞMS 2253/-0.

¹¹⁷ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 137.

¹¹⁸ Guðmundur L. Friðfinnsson, Egilsá, 1991. Bls. 185.

Gömul trú var að væri haustið gott myndi veður spilltast á *allraheilaramessa*, (1. nóv.) og það boðaði harðan vetur.¹¹⁹ Þann dag höfðu margir bændur sem viðmið til að fara að hýsa hrútana svo ekki kæmu slysalömb allt of snemma vorsins og kölluðu daginn fremur hrútamessu en allraheilagramessu.

Á Marteinsdag ef mundi loft
meður regn, eg segi,
veðradimmur verður oft,
veður frá þeim degi.¹²⁰

Höfundur vísunnar er ókunnur en Marteinsmessa er 11. nóvember og er kennd við Martein biskup í Tours í Frakklandi sem kaþólskir gerðu að helgum manni. Væru hrútar ekki þegar komnir á hús þennan dag voru þeir teknir frá öðru fé. Þeir sem það gerðu kölluðu þennan dag hrútamessu.

Vortíðin átti að fara eftir *jólafoðstunni* með veðurfar. Ef heidviðri var og úrkomulaust á *aðfangadegi* og á *jólanótt* boðaði það frostasamt ár. Ef öðruvísi viðraði vissi það á betra.

Ef sólskin er á *jóladegi* og aftur á *Vincentiusarmessu* 22. janúar boðar það gott árferði og góðan jarðar gróður. Annars mun víst veturinn, frá áramótum að vori að fara eftir þremur sólahringunum um vetrarsólhvörf.

Sé nóttin helga kyrr og klár
kemur gott og frjósamt ár,
ef er þoka og úrfelli
ei mun grasið gátt á velli.¹²¹

Ef fagurt sólskin var og blíðviðri á *öðrum degi jóla* boðaði það harðindi á nýárinu. „Rauð *jól*, hvítir *páskar*. Hvít *jól*, rauðir *páskar*“, var sagt. Rauð (auð) *jól* boðuðu sem sagt hvíta *páska* og öfugt.¹²² Trú

¹¹⁹ Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 137.

¹²⁰ Stökuna er að finna m.a. á Braga á <http://bragi.info/visur>.

¹²¹ ÞMS. Hröbjartur Jónasson. ÞMS 2253/-0.

¹²² Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Bls. 138. Guðmundur L. Friðfinnsson, Egilsá, 1991. Bls. 185.

fólks var að dafnandi jólatungl boðaði gott næsta ár en væri það dvínandi mætti búast við slæmu ári.

Um þá trú vitna þessir húsgangar¹²³:

Hátíð jóla hygg þú að,	En ef máni er þá skerður,
hljóðar svo gamall texti.	önnur fylgir gáta,
Ársins gróða þýðir það,	árið nýja oftast verður
ef þá er tungl í vexti.	í harðari máta.

Þá var nokkuð víst að væri *gamlaársdagur* stilltur og bjartur var það fyrir góðu árferði á því nýja ári sem í hönd fór.

Þótt nokkrir dagar væru þannig marktækari en aðrir þá virkuðu vikudagarnir ekki allir eins hvað veðurboð snerti. Sagt var að ef gengið höfðu óþurrkar og það birti til á *mánudegi* var það skammgóður mánudagsvermir. En þegar birti upp á *föstudegi* voru líkur á þurru veðri yfir helgina.¹²⁴ Dagarnir voru jafnvel misgóðir til að hefja verk. *Mánudagar* voru alverstir til þess. „Mánudagur til mæðu“. Ekkert vit var t.d. að hefja slátt á mánudögum en að „bera ljá í gras“ á *langardegi* var allt annað og miklu betra.¹²⁵

Beda (f.672, d.735) prestur, sem fyrr er nefndur, var engilsaxneskur landkönnuður sem stundum er nefndur faðir enskrar sagnfræði. Meðal þekktara rita hans er aldarfarsbók (*Chronica maiora*) sem þannig er minnst á í upphafi *Landnámabókar*:

„Í aldarfarsbók þeirri, er Beda prestur heilagur gerði, er getið eylands þess er Thile heitir og á bókum er sagt, að liggi sex dægra sigling í norður frá Bretlandi; þar sagði hann eigi koma dag á vetur og eigi nótt á sumar, þá er dagur er sem lengstur. Til þess ætla vitrir menn það haft, að Ísland sé Thile kallað, að það er víða á landinu, er sól skín um nætur, þá er dagur er sem lengstur, en það er víða um daga, er sól sér eigi, þá er nótt er sem lengst.“¹²⁶

¹²³ Guðríður B. Helgadóttir í Austurhlíð, Blöndudal.

¹²⁴ Árni Bjarnason á Uppsölum.

¹²⁵ ÞMS. Árni Bjarnason, Uppsölum. ÞMS 17163/2009-1.

¹²⁶ Landnáma á <https://www.snerpa.is>. Sótt 27.4.2017.

Beda safnaði allskonar upplýsingum. Þar á meðal var ársveðurspá sem fór eftir því á hvaða vikudegi árið hófst. Þá speki er að finna í svokallaðri Jólaskrá, sem m.a. birtist í Þjóðsögum Jóns Árnasonar, 3. bindi.

Beda sagði að ef 1. janúar hæfist:

- á sunnudegi yrði veturinn spakur og staðvindasamur, sumarið yrði þurrt, heyskapur ríkulegur, vöxtur í nautum, kerlingardauði, nægð matar og friður í landi en veðurríkt haust og vetur til áramóta.
- á mánudegi yrði blandinn vetur og hvorkinlegur, gott vor, þurrt sumar með vindasamri veðráttu, torsóttur heyskapur, heilsa manna ýmisleg, býflugur deyja, tilburðir verða og sjást víða.
- á þriðjudegi yrði hríðviðrasamur vetur og vorið regn- og stórviðrasamt, grasvöxtur meiri en í fyrstu virðist ætla að verða, krankleiki í fólki, höfðingjauði og skipsskaðar.
- á miðvikudegi yrði veturinn harður og óhollur, vorið þurrt og vindasamt, sumarið hagkvæmt, heyskapur mikill en erfiður og jarðaravöxtur góður, ungra manna dauði og erfiðar sjóferðir.
- á fimmtudegi yrði veturinn breytilegur, vorið gott, þurrt sumar, heyskapur í góðri nægð, en höfðingjar og völdugir deyja.
- á föstudegi yrði vetur breytilegur, vorið gott, sumarið þurrt og gott, heyskapur ríkulegur, nægð korns og ávaxtar, ... fjárdauði.
- á laugardegi yrði vetur harður ... sauðfé ferst og gamlir menn.

Í nútímanum hafa menn gaman af að setja saman kenningar um veður eins og forverarnir gerðu. Oft er vitjað til veðurboða í glettni og í sumum tilfellum koma nýir fram. S.s. að ef frýs saman hvítanna og verslunarmannahelgi verður gott veður um Laufskáréttarhelgina.¹²⁷

¹²⁷ Haft eftir Pálma Rögnvaldssyni.

Veðurorð

Veðurtengd orð eru mörg og orðanotkunin hefur breyst frá einum tíma til annars. Mörg orðanna eru landshlutabundin og sum láta ókunnuglega í eyrum. Orðin lýsa veðrinu og vitna um stöðu þess, útlit og afleiðingar. Nú til dags eru sömu orð notuð um mest allt landið og gætir þar áhrifa frá veðurfregnum og veðurspám Veðurstofu Íslands, sem fólk hefur hlustað eftir nær alla daga frá því farið var að útvarpa veðurfréttum 1930.

Fólk notar mismunandi orð til að lýsa veðri, eftir því hver vaninn er og eftir því hvar það er statt á landinu. Þykkt lofti kafið skuggalegum haustþunga er t.d. ljótt veðurútlit.¹²⁸ Í orðalistanum, sem hér fer á eftir, má finna einkennileg og oft á tíðum óskiljanleg orð eins og afbært veður sem ætti að vera gott eða vont veður svo af ber. Aftakaveður er aftur á móti óbærilegt hvassviðri, svo af tekur. Gerð er tilraun til að útskýra ógegnsæ, torræð, orð. Í sumum þeirra felast viðbrögð við veðri og í öðrum felst ástand af völdum veðurs.

Framsetning þessa rits helgast af áhuga á veðurorðum og þótt hér birtist mikill fjöldi er langur vegur frá því að þau séu öll upptalin. Við skorum á áhugasama um veðurorð að halda þeim til haga. Veðurorð eru fjársjóðir. Lesandi skal hafa á bak við eyrað að starfsfólk safnsins er ekki sérfræðingar í veðri. Þess vegna má setja fyrirvara á sumar skýringarnar og hafa skal það sem sannara reynist komi það fram seinna.

¹²⁸ Árni Bjarnason, Uppsólum.

Afbært veður / afbært
hélufall – ber af (gott eða
vont)
Aflandsvindur – vindur af
landi
Afrakstursbakki – bakki sem
myndast, rakast af
Afspyrnurok
Aftakafrost / aftakaharka –
gaddur, mikið frost
Aftakaleg tíð (vetur)
Aftakaveður – mjög slæmt
veður
Aftanroði – kvöldroði
Aftökur – brunakuldi
Afturelding – dögur, fyrsta
skíma dags

Agnúði – agnarsmáir dropar
Alskýjað/alsnjóa
Andblær – hlý gola
Andvari – hlý gola
Arfagarg – leiðinleg tíð
Arfavitlaust veður
Asahláka – mikil snögg
hlýindi, bráðnun
Aular niður – snjócoma
Áfall – úrkoma, dökk
Áfreðar
Áfrerar – frost og kuldi
Áhlað – frosið vatnsfok s.s. á
girðingu (frosið skarafjúk)
Álandsvindur – norðanátt,
hafgola
Áleiðing – skúrir



Ausandi rigning

Áhlaup
Áhlaupafjúk – snögghvessir
með snjókomu
Áhlaupaveður
Áhlaupavetur
Áhlaupastormur

Áhrun – vatnsveður
Bakkabrydding – þunnur
bakki myndast
Bati
Barningur
Bál / bálhvasst / bálviðri



Ský brannast upp á góðviðrisdegi

Belgingur – sterkur vindur
Beljandi rigning
Beltaþoka
Bera í loft – veðrabrigði
(blikur á lofti)
Blankalogn – alveg kyrrt
Blæjalogn – alveg kyrrt
Bjart
Bjartviðri
Blástur / það blæs
Bleksvart
Bleytuhríð/bleytusnjór
Bleytusuddi
Blika – ský / skýjahula
Blinda, snjóblindla
Blindbylur / blindhríð
Blindkóf / blindviðri
Blindviðrishríð
Blindsvarða þoka
Blindþoka
Blíða – hlýindi
Blíðuveður / blíðviðri
Blotasnjór – blautur snjór
Blotavetur – deigt veður, raki
Bloti – úrkoma
Blæjalogn – bærist hvorki hár
né blæja
Blær / blækýrrt
Bongóblíða – mikil blíða
Bólstrar – bólstraský
Brakandi blíða, brakandi
þurrkur – mikill þurrkur
Brakand frost / brakandi sól
Bráðaleysing – snögg leysing
Brjálað – rok
Breyskjupurrkur – mikill hiti
og þurrkur, hlýindi

Brotafæri – snjór sem
blotnað hefur í hláku og
frosið aftur þannig að hörð
skel myndast, sem heldur
hvorki manni eða skepnum,
en er afleitt færi
Broti – skafl
Brunakuldi – bítandi kuldi
Brúnamyrkur – svartamyrkur
Bræla – þoka, dimmviðri
Búðaloka – niðaðoka
Byljótt
Bylmingshríð – stórhrið
Bylmingur – rok
Bylur – stórhrið, hvassviðri
Bylur – stórhrið, hvassviðri
Bætir í vind / bætir í veður –
veður færast í aukana
Brast á / brestur á
Daggarbloti
Daggardropar
Daggir / döggr – úrkoma
Dagmálaglenna – birtir upp
um dagmál
Dagrenning – fyrsta skíma
dagsins
Dagsbrún – fyrsta birturönd
á himni á nýjum degi
Dalalæða – þokuslæða
Deigt veður – raki
Demba – mikil úrkoma, regn
Dembuskúr/dembiskúr
Dimma – myrkur
Dimmblá heiðríkja
Dimmóska – dimmt mistur
Dimmviðri – mikil úrkoma
Djúpfenni – djúpur snjór
Drift – skafl, lausamjöll

Drífa – snjócoma
Dropakast – lítilsháttar regn
Dropar – lítil úrkoma
Dumbungsveður – mistur,
lágskýjað, úrkoma
Dumbungur – úrkoma
Drungalegt veður – dimmt
og þungbúið
Dúnakyrrið – blæjalogn
Dúnalogn – blæjalogn
Dúra – slota, slá úr og í
Dýrðarveður
Dögg / döggfall – úrkoma
Eðla góð tíð / eðla góður
vetur
Eðlismæt tíð – góð tíð
Elding
Einmunablíða / einmunatíð
Englablíða
Ekki hundí út sigandi – mikil
úrkoma
Él – skammvinn snjócoma

Éljabakki
Éljagangur / éljagarri
Éljaslitringur
Fjallaskúrir
Fallvindur – hvasv hnúkaþeyr
Fannfergi – mikill snjór, broti
Fannfok – snjófjúk
Fannkoma – snjócoma
Fárviðri
Fátækraþerrir – frostlaus
þurrkdagur skömmu fyrir
jól, svo hægt var að þurrka
föt og viðra voðir
Fellibylur
Fennilegt frost
Fennir í kaf
Feyknafrost
Fimbulkuldi / fimbulkuldi
Fimbulvetur
Fjúk
Fjúkáhlaup
Fjúkbylur



Flákaský/flákaskýjabreiða

Fjúkgangur
Fjúkgeyfa – logndrífa
Fjúkhreytingur
Fjúkhrota
Fjúksíhlaup
Fjúkslepja
Fjúkslitur
Flughált / fljúgandi háлка
Flygsur / flyksur – stór
 snjókorn
Flygsufjúk – flyksufjúk
Foraðshrið – ófærðarbylur
Foraðsveður
Foráttuveður – slæmt veður
Frostúði
Frassi – fræsingur
Freri
Frost
Frostharka /-hörkur
Frostryk
Frostrósir

Fræsingur (þræsingur) –
 hráslagavindur, blástur
Föl – snjóföl
Fölgvað/fölvað – snjóföl
Fönn – snjór
Föstugur – óstöðugt veðurfar
Gaddfrost
Gaddur – mikill kuldi
Garg / gargveður
Garri – strekkingsvindur
Gauragangur – ókyrrt veður
Gengur á (með e-u)
Geislaflóð – sólríkja
Geysivott – mjög rakt
Gina – rofar til, himinblámi
 skín í gegn, skýjavök
Gjóra
Gjóstulegt – óstöðugt
Gjóstur
Glaðasólskin
Glampaveður, glampandi
 veður



Froststilla



*Í glampandi veðri er fallett um að
lítast í Glaumba.*

Glenna – sólskin um stund
 Glitský – ískristallaský,
 perlumóðurský
 Glóra – grillir í, birta
 Glórulaust – stórhrið
 Gluggaveður – kalt og bjart
 veður
 Glæfrur – birtir upp
 Glæta – skín milli skúra
 Gnístandi – um frost
 Gnjóstur – kuldi
 Gnæðingur – vindur
 Gola/golukorn
 Góðviðri
 Gósentíð – mjög gott
 veðurfar
 Gráblíka
 Gráð – smágola, kul
 Grámi / gránar – í lofti
 Grána – þoka
 Gránað – grátt á jörðu,
 snjóföf

Grenjandi veður – slæmt
 veður, með úrkomu
 Gressilegt veður – mjög vont
 Grófir snjóar – mikill snjór
 Grýlukerti
 Grunnstingull – þegar grunnt
 vatn frýs neðanfrá
 Gufuvitlaust veður
 Gurur – vindhviður
 Gustur
 Gúll, gúlpur – bólgið, bólstur
 Gúlpaský – klakkar
 Hafgola /hafræna – gola af
 hafi
 Hafís
 Hafviðri – veður af hafi
 Hagl / haglél
 Haglskýjahregl – strjál haglél
 Harðfenni
 Harðindi
 Harðindamóri –
 snemmkominn þröstur

Harðindis frost
 Harðskafi / harðsperi
 Harðviðri – gaddfrost
 Harka – mikið frost
 Hastarlegur snjór
 Háarenningur
 Hálfrokkið / hálfskýjað
 Háлка
 Háloftavindar
 Háloftaský
 Hávaðarok
 Heiðfrost – kuldi
 Heiðgluggi – rofar til
 Heiðríkja / heiðríkt –
 skýlaust
 Heiðskírt
 Heiðsvalt - hafgola
 Helmyrkur – niðadimmt
 Hellidemba – mikil rigning
 Helliregn
 Helliskúrademba
 Helliskúrir
 Helt úr fötu
 Herpingur – frost
 Héraðsgola – jökulköld
 sunnangola
 Héla – raki (vatnsgufa) sem
 frýs og myndar ískristalla
 sem setjast á frosna jörð
 Hélufall/héluföll
 Hillingar – uppstreymisspegl-
 un á fjarlægum svæðum
 Hiti
 Hjarn – harðfrosin
 snjóbreiða
 Hjálmbönd – kuldi, frost á
 jörðu, myndar hjálm
 Hláka

Hlákublöti
 Hláviðri – hláka
 Hlýtt/hlýindi
 Hlýviðri
 Hnjúkaþeyr – hlý gola af
 fjöllum (fjallahnjúkum)
 Holklaki – klaki efst í
 jarðvegi, holrúm undir
 Holtaklaki
 Holtaþoka
 Hrakviðri / hrakviður –
 úrkoma
 Hraglangi / hregl – strjálir
 ískaldir regndropar
 Hráglæturokkur –
 ónotarökkur
 Hráslagalegt – rakt og kalt
 Hráslagavindur – þræsingur
 Hregg – úrkoma með
 kalsavindi
 Hreinviðri – bjart, heiðskírt
 Hret
 Hretasamt
 Hreytingsfjúk
 Hríð / hriðargarg
 Hríðarhraglandi
 Hrím / hrímað
 Hrímfax / hrímfrost
 Hrímkaldi
 Hrognkelsadrífa -
 stórflygsufjúk
 Hrógar niður (snjó)
 Hryssingslegt
 Hraðilegt frost
 Hvítahéla
 Hvítastroka – él
 Hægðarfrost – froststilla
 Hörkufrost

Hörsl – kuldi
Hraglandi
Hregg – úrkoma, snjór eða
regn með kalsavindi
Hrina – veðurhrota
Hringvindur – hvirfilvindur
Hríð
Hríðarbakki / hríðarkló
Hríðarslitringur
Hríðarþoka
Hríðviðri
Hrím
Hrímþoka / hrímþokubakki
Hroðavetur – slæmt veður
Hrota – veðurhrina
Hryðja – skyndileg úrkoma
Hryðjuveður
Hryssingur – stormur með
élju
Hryssingslegt veður – vont
veður

Hræðilegt veður
Hrævareldur – ljósflökt að
nætulagi, yfir mýrum
Hundaveður
Hundslappadrífa –
stórflygsusnjór
Húm – rökkur, hálfdimma
Húmdökkt
Húmsvali
Hvass / hvassviðri
Hvatskeytislegt veður – hvass
Hviða / hviður
Hvirfilvindar
Hvítablinda / hvítamjöll
Hvítalogn
Hægviðri
Höfuðfjúk – töluverð hríð
Hörkufrost / hörkuhríð
Hörkur
Höstug veður / veðráttu –
ótið



Ísbrafl, ísbröngl

Iða – streymi
 Iðulaus – stórhrið
 Innlögn – hafgola
 Íhlaupaveður
 Íkast / kastar í
 Ímað – hélað
 Ísinn vofrar – er óstöðugur
 Ísing/ísing
 Ísjaki
 Íshrafl
 Ísmön – ísrönd
 Ísnálahregg – skaraveður
 Ísspöng
 Ísstingull
 Ís(a)þoka
 Jaki – ís
 Japlandi – síendurtekið
 Jarðabannasamur vetur /
 jarðbönn – svellað svo
 hvergi sér í jörð
 Jöklagola – ísköld sunnangola
 í Vesturdal, Austurdal og á
 Kjálka

Jólasnjór
 Jökulkuldi/jökull
 Jökulvetur – kuldavetur
 Kafald – áköf snjócoma
 Kafaldssbylur
 Kafbylur / kaffennir /
 kafsnjór
 Kafíð loft
 Kafþoka
 Kaldi
 Kafpykkni
 Kaldranalegt
 Kalsi / kalsavindur
 Kalt
 Kasta éli
 Kári – vindur
 Kerlingareykir – þokutása
 Kerlingarhláka – hlýindi
 Klakabrynja
 Klakabönd
 Klaki
 Klakkaský



Kólga, kólgubakki – úrkomuský



Klakkur, – skjábolstur, gúlpur

Klammi – samanbrædd	Kuldaboli
íshella	Kuldagjöla / kuldagrár
Klósigar – ský, vatnasklær	Kuldaskil
Kopar á jörð – ísbráð á jörðu	Kuldaþræsingur –
Korgaður – úrkoma	hráslagalegt veður
Korgþykkt – lítið skyggni	Kuldi
Kólga – skýjabakki	Kvöldroði / kvöldsvali
Kólguský	Kylja – vindsvali, byljir
Kolsvartafjúk	Kyngir niður – moka niður
Kornsnjór	Kyrrviðri
Kóf / kófviðri – snjófok	Kæla
Kólnandi	Lagnaðaris – nýlagður ís
Krefja – ótíð	Lagst að / lagstur að
Krapaelgur / krapaflóð	Landátt – vindur sem stendur
Kraparegn / krapaskúr	af landi
Krap / krapí	Landnordan - norðaustan
Krapaveður	Landnyrðingsfjúk
Kremjuhríð – slydda	Landnyrðingur – norðaustan
Kryðjuvetur – vondur vetur	átt
Kul	Landsunnan – suðaustan



Kuldaél og þokuský til fjalla

Landssynnings stormahrið	Logndúnakyrrið
Landsynningur – suðaustan	Lognmjöll – snjór
átt	Lognsnjór
Langhriðarsamur – leggst að í	Lognveður, lognviðri
langan tíma, dögum saman	Lóar (ekki) á steini – fingrið
Laufvindar – haustvindar	úrcoma
Lausafjúk / lausamjöll	Lygnir
Lausrenningur	Malda (það maldar) –
Lágarenningur / lágrenningur	smávægileg úrkoma
Lágþokublettir	Mannskaðaveður – óveður
Leggst að – varir í langan	sem veldur manntjóni
tíma, dögum saman	Mararhlaka – mikil hlýindi
Lemjuhrið – slagviðri	Mariútasa – tásuský
Lenjuhrið – bleytuhríð með	Mistur
fremur hægum vindi.	Mígandi rigning
Leysing – þegar snjór og ís af	Mígrignir
ám og vötnum bráðnar	Mjúkt vor
Léttskýjað	Mökkkaf – stórhrið
Linviðri	Mjöll – snjór
Lítið ært – slæmt tíðarfar	Mokar niður (snjó)
Loði – sólarlaust, logn, mikill	Moksnjór / moksnjóar
hiti á undan regni	Moldrok / moldvirði –
Loðnar flyksur (flygsur) –	uppfok
stórflyksur	Molla – hiti, raki
Logn	Mollulegt / mollulegur
Logndrifa – snjócoma í logni	



Mistur – móða, mengun

Molluveður¹²⁹

Morgunroði

Móða – mistur

Móska – móða, mistur

Mugga – snjócoma, þokuúði

Mulla – snjócoma, lausamjöll

Myrkur

Náttdögg – dropar

Náttfall – dögg, úrkoma að
nóttu

Morgundögg – dropar, áfall

Náttfrost – næturfrost

Nepja – kuldi, rakur

næðingur

Nepjukuldi

Nið(a)dimmt

Niðarþoka – dimm þoka

Niðurgangur – veður gengur
niður

Niðurkoma

Nístandi frost

Nístingskalt / nístingur

Norðanfrassi – fræsingur

Norðankast

Norðankuldi / norðankaldi

¹²⁹ Svo sem fram kemur í stöku eftir
Jónas Hallgrímsson um molluveður
getur verið erfitt að lýsa því:

Veðrið er hvurki vont né gott,
varla kalt og ekki heitt,
það er hvurki þurr né vott,
það er svo sem ekki neitt.

Bragi á <http://bragi.info/hunafloi/-visur.php?VID=27162>. Sótt 12.4.2018.



Netjuský



Skarafjúk/Skari

Næðingur – vindur, kaldi	Ratbjart
Næturfrost	Reyðabytur – þrumuhljóð
Ofanfall / ofankoma	Rigning
Ofanmjöll / ofansnjór	Rigningarslitur / rigningarúði
Ofhrunsnjóar – hrið	Rjómablíða
Ofsaregn	Regn / regnúði
Ofsarok / ofsastormur	Regndynur
Ofsaveður / Ofsi	Regngrár
Ofveður / ofviðri – óveður	Renningsskrið – hægur
Ógnarstormur	skafrenningur
Ógnarveður	Renningur / rennur
Óminnilegur óþurrkur	Roði á himni
Óperrar – úrkoma	Rok
Órar – órói, vindrokur	Rokhviður
Óstaðviðri	Rosasamur
Óveðráttu / óveður	Rosi – hvassviðri með
Óveðursgnýr	kalsarigningu, slyddu eða
Óveðurshrina	krapaéljum, rosaveður
Puðrast / púðrast – sallafínt	Rumba / rumbulegur –
snjófjúk	úrfelli, leiðinlegt veður
Púðursnjór	Rúðusnjór – snjór á rúðu
Rakatása – þoka	Rysjótt veður – óstöðugt
Raki / rakt / rekja	veður




Skafrenningur

Rytja, rytjótt veður	Skafheiður
Rökkur – skuggsýnt	Skafli
Rökkurmóða	Skakviðri
Saggi – raki	Skefur
Sallarígning – fingerð rígning	Skarðagola – hafgola sem
Sandfall – öskufall	hraðar för um Gönguskörð
Sandfallsrok	og veldur nepjunæðingi á
Sandfjúk / sandfok	Sauðárkróki og nágrenni
Sauðavinkona – þoka	Skari
Sauðljóst – nógu bjart til að	Skall á, skellur á
leita kinda, sauða	Skin / sólskin
Sámað – úrkoma	Skíma
Silfurslæða – dalalæða	Skítakuldi/skítaveður
Síðdegisskúrir	Skorpa / skorpusamur
Sjóblautt	Skóbótardrifa – flygsufjúk
Sjór á jörðu – sjóblautt á	Skrautlegt veður
Skaðanornir – slæmt veður	Skrekkilegur garður –
Skaðaveður	skuggalegt veður
Skaðræðisveður	Skruggur – þrumur
Skafbylur / skaffjúk /	Skrúfuvindur – þyrilvindur
skafhrið	Skuggsýnt
Skafkóf	Skurn á pollí – þunnt svell



Skýjabrok / tætingsský – góðviðri



Skúraský – fyrirboðar um regn

Skúr/skúrir
Skúraleiðingar
Skúrasasamur
Skúraskin
Skyggni
Skýjahula
Skýjaklakkur / skýjakleggi

Skýjakúfur
Skýjarof – rauf í skýjahulu
Skýjarönd
Skýjaslitur – ský á stangli
Skýjatásur
Skýjabakki / skýjabekkur
Skýjablesi / skýjaglanni



Skýfall – úrbellisrigning



*Skýhlemmar / flekaský /
vindsorfin ský – góðviðrisský*

Skýjabólstur
Skýjadrög
Ský/skýjað / himinn skýjar
sig Skýjafar / skýjaflókar
Skýjaglenna
Skýjagúlpur/skýjähönn
Skýjakaf
Skýjarof
Skýjaslæða
Skýjavök – blámi himins sést
um vök (gat), gín í gegn
Skýjayrjur - stöku ský
Skýflóki – skýjaklakkur
Skýhnoðri
Skæðadrífa – þétt logndrífa
Skæni – skel á polli, talað er
um að skænt sé á polli
Slarkviðri
Slettingskrapi – slydda
Slitringur – úrkoma

Sloti / slotnar – hættir, styttr
upp
Slabb – snjóslabb,
krapaslabb, drulluslabb
Slagveður – slagviðri, rok og
rigning
Slím á lofti – skýjaslæða
Slydda
Slyddubylur / slyddurigning
Slæðudögg / slæðupoka
Slær fyrir – vindrokur í
annars kyrru veðri, tvíátta
Slökkvandi regn – mikil
úrkoma
Smá gola
Snarpasta fjúkhrið – hvasst
Snarvitlaust veður
Snjóalög – þykkur, þéttur
snjór yfir öllu
Snjóar



Snjólína, veðraskúl eru oft glögg á haustin

Snjóbloti – skammvinn þíða
Snjódrífa / snjófall
Snjóðhlað (hleður niður snjó)
Snjóél

Snjófergja / snjófergi /
snjóflóð
Snjóflygsur / snjóflyksur
Snjóföl




Snjódryli – snjóboltar sem geta myndast ef snöggbles í blotasnjó



Sólarglenna

Snjóhljóð
 Snjóíkast – hríð
 Snjókarlasnjór – bleytusnjór
 Snjókoma / snjókomuhríð
 Snjóhviður
 Snjókorn
 Snjór / snjóskriða
 Snjórosar / snjóstormur
 Snjóstrókar
 Snjóþekja
 Snjóþungi / snjóþungt
 Snækóf
 Snælduvitlaust veður
 Snær / snævi þakið
 Snæpel
 Snösunarsamt – stuttra
 áhlaupa von
 Sorti – dimmt yfir og úrkoma
 Sólskin

Sólblettir / sólblík / sóldögg
 Sólfar / sólfarsvindur –
 hlýindi
 Sólperlur
 Sperringur – rokhviður



Sólstafur

Spillibloti / spillingarbloti –
hlýindi á vetri
Spillingarafreðar
Staðviðri –logn
Stafalogn
Steikjandi hiti
Sterkju frost – mikið frost
Stilla
Stingull – ísstingull, ís farinn
að myndast, stinga sér í
jörðu / vatn
Stinningsgola / stinningskaldi
Stormský
Stormhríð
Stormur
Stormviðri / stormvindur
Stólparok
Stórfjúk / stórfrost /
stórhrið

Stórhlussukafald – stórflyksu
moksniör
Stórgarður – bylmingssrok
Stórhrið
Stórhriðarkvilli
Stórregn / stórrigning
Stórsniör Steypiregn –
hellidemba
Stórstormur / stórviðri
Stórviðrisgarður
Strekkingsvindur
Strekkingur
Stórhrið
Stríðviðri
Strókur
Styrfin veðráttá – óþægileg
Styttir upp
Suddarigning / suddaveður
Suddi – úrkoma



Svell/ svellbunki / svellalög



Vindskafin ský

- Svali / svalviðri
 Svart fjúk / svartafjúk –
 dimm hríð
 Svartabylur
 Svartamyrrkur / svartapoka
 Svelja / sveljandi
 Svell
 Svigalæða – svigarenningur
 Svikalogn
 Svíptiviðrasamur
 Svípvindar
 Svíptivindar
 Svía – svíar, hlýindi
 Sú gráa – þoka
 Tíbrá – ljósfyrirbrigði,
 uppstreymisloft þegar sterk
 sól skín á brennheita fleti,
 s.s. malbikaðan veg og
 myndar sindrandi uppgufun
 Tunglbjart
 Tvíátta – slær fyrir úr sín
 hverri áttinni
 Tvískinnungur – óörugg tíð
 Tyrjulegt vorveður – skítatíð
- Umhleypingar – stormasöm
 veðrátta með þurrk og
 votviðri til skiptis
 Umskiptasamt – óstöðugt
 tíðarfar
 Uppgangsbakki
 Uppstytta
 Úðarigning
 Úðapoka – þétt þoka, með
 úrkomu
 Úði – úrkoma
 Úrfelli / úrhelli
 Úrhellisrigning
 Úrkoma / úrsvalur
 Úrkomulaust
 Úrkomusamur – úrkomusamt
 Útræna – hafgola, innlögn
 Útsunnan – suðvestanátt
 Útsunnangustur – gustur úr
 suðvestir
 Útsynningshroðaveðrátta –
 suðvestan mikil úrkoma
 Útsynningur – suðvestan átt
 Útvestan veður – suðvestan

Vatnagnýr
Vatnsgrá fjöll
Vatnsmökkur
Vatnshrið / vatnsveður
Veðurbroddur / veðurbylur
Veðurdynur / veðurhljóð
Veður stærist – veður versnar
Vel ært – gott tíðarfar
Vermisteinn í túni – þegar sól
hækkar á lofti losnar um
steina í sverðinum og húsar
í kring um þá þegar frost er
að fara úr jörðu
Vindakast – skammvinnt rok
Vindasamur / vindasamt
Vindbelgingur
Vindgangur – vindasamt
Vindskaðaveður – rok
Vindstrengur

Vetrarís
Vindaslag – óveður
Vindstroka
Vindgárur / vindgnauð
Vindský / vindþoka
Vindsprengur / vindstroka
Vindur
Vonskubylur / vonskufjúk
Vonskuveður
Vorís – kuldi
Votsöm tíð
Votviðri – úrkoma
Væta – úrkoma
Vætugróið – regn
Vætutíð
Yfirtaksharður bylur – afar
slæmur bylur
Ýringur – þéttur úði



Dokugrisja kýfir sig við fjallsbrún



„Byggðin sefur, byrgð í gráum
þokuhjúp“, sagði Hannes
Hafstein - Af Vatnsskærði.¹³⁰

Þámi, þámað – móska,
móskulegt, úrkoma
Þeli – „létt“ frosin jörð
Þerrir
Þeyandi / þeyr – hlý gola
Þilja – snjóþilja, harðfenni
Þoka / þokubakki
Þokubólstur / þokubræla
Þokubönd /
Þokudumbungur / þokulag
Þéttingsgola / þéttingshvasst
Þíða – hlýindi
Þíðviðri
Þokumóska / þokurendur
Þokuruðningur
Þokurumbungur / þokusamt
Þokuslæða / þokuslæðingur
Þokusvakkir Þórdunur –
hávaði, gnýr
Þrasi

Þreifandi myrkur
Þrumuveður
Þrungið – þétt, rakt loft
Þrútið loft – þoka,
dumbungur, úrkoma
Þræsingur – hráslagavindur
Þungbúið / þungskýjað
Þungfært
Þungt yfir
Þurkkasamur / þurkkasamt
Þurkur / þurriðri
Þykkni – dimmt
Þykkt loft
Þyrlvindur
Þytur – kald, hljóð
Þæfingur
Öskrandi rok
Öskrandi bylur
Öskubylur
Öskuhríð – mjög hvasst og
með úrkomu
Öskuhríð
Öskurok – mjög hvasst

¹³⁰ Brafi á <http://bragi.info/ljod.php?ID=4524>. Sótt 12.4.2018.

Ritheimildir

- Árni Björnsson, 1993. *Saga dagana*. Mál og menning. Reykjavík.
- Björn Egilsson, 1984. „Harðræði í göngum 1929“ (98-111). *Skagfirðingabók* 13, 1984. Rit Sögufélags Skagfirðinga. Ritstjórn Gísl Magnússon, Hjalti Pálsson, Sigurjón Páll Ísaksson, Sölvi Sveinsson. Reykjavík.
- Björn L. Jónsson, 1959. Ert þú veðurnæmur? (7-10). *Veðrið. Tímarit handa alþjóðu um veðurfarid*, (1). Reykjavík.
- Brodði Jóhannesson, 1947. *Faxi*. Bókaútgáfan Norðri. Akureyri.
- Eddukvæði*, 1999. Gísli Sigurðsson sá um útgáfuna. Mál og menning. Reykjavík.
- Erlendur Guðmundsson, 2002. *Heima og heiman. Skrifað fyrir kvöldvökufélagið NEMO á Gimli 1932*. Mál og menning. Reykjavík.
- Guðmundur L. Friðfinnsson, Egilsá, 1991. *Þjóðlíf og þjóðbattir*. Örn og Örlygur. Reykjavík.
- Hannes J. Magnússon, 1967. „Fjallið mitt“ (107-116). *Skagfirðingabók* 2. Ársrit Sögufélags Skagfirðinga. Reykjavík.
- Hilmar Garðarson, 1999. *Saga Veðurstofu Íslands*. Mál og mynd. Reykjavík.
- Jón Árnason. 1954-1961. *Íslenzkar þjóðsögur og avintýri*. I-VI. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Bókaútgáfan Þjóðsaga. Reykjavík.
- Jón Hjaltalín, 1853. „Fácinar nýtar athugasemdir um Barómetrið (Loptþyngdarmælirinn) sem veðurspá“ (7-8, 30). *Norðri: Hálfsmánaðar-rit handa Íslendingum 1853*. Akureyri.
- Jónas Jónasson frá Hofdölum, 1979. *Hofdala Jónas. Sjálfsvísasaga. Frásögubattir. Bundið mál*. Bókaforlag Odds Björnssonar. Akureyri.
- Jónas Jónasson frá Hrafnagli, 1945. *Íslenzkar þjóðbattir*. Ísafoldarprentsmiðja. Reykjavík.
- Lúðvík Kristjánsson, 1983. *Íslenskir sjávarbattir*. I-IV. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík.
- Ólína Jónasdóttir, 1981. *Ef þátt lét í strau milli Héraðsvatna. Minningar. Þattir. Brot*. Iðunn. Reykjavík.
- Óskar Stefánsson frá Breiðuvík, 1963. „Draumarnir okkar Gríms hjármanns“ (48-52). *Veðrið. Tímarit handa alþjóðu um veðurfarid*, (2). Reykjavík.
- Páll Bergþórsson, 1990. Veðurspár. Í Frosti F. Jóhannsson (ritstj.), *Íslensk þjóðmenning. Alþjóðvísindi. Raunvísindi og dulfræði* (217-268). Bókaútgáfan Þjóðsaga. Reykjavík.
- Rit Björns Halldórssonar frá *Sauðlauksdal*, 1983. Búnaðarfélag Íslands. Reykjavík.
- Sigurður Sigurðsson, 2014. *Sigurður dýralæknir*. Hólar, Reykjavík.
- Skagfirðingabók* 11, 1982; 15, 1986. Rit Sögufélags Skagfirðinga. Ritstjórn: Gísli Magnússon, Hjalti Pálsson, Sigurjón Páll Ísaksson, Sölvi Sveinsson. Reykjavík.
- Stefán Jónsson, Höskuldssstöðum, 1987. *Ritsafn IV. Þattir og þjóðsögur*. Sögufélag Skagfirðinga. Reykjavík.
- Veður og umhverfi*, 2007. Unnur Ólafsdóttir þýddi og samdi íslenska kafla. Útg. Mál og menning. Reykjavík.
- Þórdur Tómasson í Skógum, 1979. *Veðurfræði Eyfellinga. Greinargerð um veður og veðurmál undir Eyjafjöllum*. Þjóðsaga. Reykjavík.

Vefragnar heimildir

- Bragi á <http://bragi.info/ljod.php?ID=2250>. Sótt 21.1.2018.
- Bragi á <http://bragi.info/visur>. Sótt 22.1.2018.
- Bragi á <http://bragi.info/hunafloi/visur.php?VID=27162>. Sótt 12.4.2018.
- Bragi á <http://bragi.info/ljod.php?ID=4524>. Sótt 12.4.2018.
- Skemman á <http://hdl.handle.net/1946/6828>. Eiríkur Valdimarsson, Terry Gunnell, 2010. Gáð til veðurs. Rannsókn á veðurgleggni Íslendinga og hæfileikanum að lesa í náttúruna. Þjóðarspegil 2010. Félags- og mannvísindadeild. Ritstjórar: Helga Ólafs og Hulda Proppé. Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010. Ritstýrð grein Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt. 14.4. 2017.
- Landnáma á <https://www.snerpa.is>. Sótt 27.4.2017.
- Veðurstofa Íslands á <http://www.vedur.is/vedur/frodleikur/greinar/nr/355>. Sótt 5.2.2018.
- Vísindavefurinn á <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=4763>. Sótt. 5.2.2018.
- Vísindavefurinn á www.visindavefur.hi.is/svar.php?id=6393. Sótt. 6. des. 2010.
- ÞMS. Árni Bjarnason, Uppsölum, f. 1931. ÞMS 17163/2009-1 á <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=547127>. Sótt 30.11.2017.
- ÞMS. Hróbjartur Jónasson, f. 1893. ÞMS 2253/-0 á <http://sarpur.is/-Adfang.aspx?AdfangID=541226>. Sótt 30.11.2017.

Munnlegar heimildir

- Árni Bjarnason (f.1931) á Uppsölum, Akrahreppi. Uppalinn í Blönduhlíð.
- Guðríður B. Helgadóttir (f.1921) í Austurhlíð, Blöndudal. Uppalinn á Laxárdal fremri og í Gönguskörðum.
- Gunnar Gíslason (1914-1908), prestur í Glaumbæ frá 1943-1982. Uppalinn á Sauðárkróki og víðar.
- Helga Bjarnadóttir (f.1935) í Varmahlíð, Skagafirði. Uppalinn í Blönduhlíð.
- Leifur Hreggviðsson (f. 1935) í Bakkakoti, Vesturdal. Uppalinn á Sauðárkróki og í Vesturdal.
- María Helgadóttir (f.1933) á Stóru-Ökrum, Akrahreppi. Uppalinn í Gönguskörðum.
- Sigurður Björnsson (1927-2015) á Stóru-Ökrum, Akrahreppi. Uppalinn í Blönduhlíð.
- Sveinn J. Einarsson (f. 1956). Uppalinn á Hofsósi.